



## AÐALSKIPULAG ÁSAHREPPS 2020-2032

Forsendur og umhverfisskýrsla – til kynningar

14.05.2021



## UPPLÝSINGAR

---

### SKJALALYKILL

---

7463-004-ASK-002-V01

### HÖFUNDUR

---

Ingibjörg Sveinsdóttir, Gísli Gíslason

### RÝNT

---

Eva Dís Þórðardóttir, Ragnhildur Gunnarsdóttir

### SAMÞYKKT

---

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 [efla@efla.is](mailto:efla@efla.is) [www.efla.is](http://www.efla.is)

## EFNISYFIRLIT

<b>TÖFLUSKRÁ</b>	<b>6</b>
<b>1 INNGANGUR</b>	<b>8</b>
1.1 Tilefni endurskoðunar	9
1.2 Vinnuhópur	9
1.3 Breytingar á gildandi aðalskipulagi	9
<b>2 FORSENDUR</b>	<b>10</b>
<b>2.1 Umhverfi</b>	<b>10</b>
2.1.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	10
2.1.2 Loftlagsmál og losun kolefnis	11
<b>2.2 Íbúar</b>	<b>11</b>
2.2.1 Aldursdreifing íbúa	13
2.2.2 Íbúðar- og frístundahús	14
<b>2.3 Atvinnulíf</b>	<b>14</b>
2.3.1 Landbúnaður	16
2.3.2 Flokkun landbúnaðarlands	16
2.3.3 Skógrækt- og landgræðsla	20
2.3.4 Ferðaþjónusta	21
2.3.5 Iðnaðarsvæði	23
2.3.6 Efnistökusvæði	23
2.3.7 Óbyggð svæði	24
<b>2.4 Samgöngur</b>	<b>24</b>
2.4.1 Könnun á viðhorfi til Sprengisandsleiðar	25
2.4.2 Vegir í náttúru Íslands	26
2.4.3 Göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir	26
<b>2.5 Vernd</b>	<b>27</b>
2.5.1 Náttúruvernd	27
2.5.2 Víðerni	27
2.5.3 Sérstök vernd náttúruyfyrirbæra	28
2.5.4 Hverfisvernd	28
2.5.5 Vatnsvernd	28
2.5.6 Fornminjar	29
<b>2.6 Náttúrufar</b>	<b>29</b>
2.6.1 Staðhættir	29
2.6.2 Gróðurfar	30
2.6.3 Dýralíf	30
2.6.4 Veðurfar	30
<b>2.7 Náttúruvá</b>	<b>31</b>

2.7.1	Aðrar náttúruhamfarir	33
2.8	Þjóðlenda	34
3	<b>OPINBER ÞJÓNUSTA OG SAMSTARF SVEITARFÉLAGA</b>	<b>35</b>
3.1	Stjórnsýsla	35
3.2	Skólar	35
3.3	Félags- og velferðarmál	35
3.4	Heilbrigðisþjónusta	35
3.5	Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.	35
3.6	Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.	36
3.7	Skipulags- og byggingamál	36
3.8	Veitur	36
4	<b>UMHVERFISSKÝRSLA</b>	<b>38</b>
4.1	Tilkynninga- eða matsskyldar framkvæmdir	39
4.2	Tengsl við aðrar áætlanir	40
4.3	Umhverfispættir og umhverfisviðmið	42
4.4	Umhverfismat áætlana – samanburður valkosta	44
4.4.1	Landbúnaðarsvæði	44
4.4.2	Sprengisandsleið	48
4.4.3	Sprengisandslína	51
4.4.4	Orkuvinnsla – vindlundur á afrétti	55
4.4.5	Efnistökusvæði á afrétti	57
4.4.6	Loftslagsmál og binding kolefnis	60
4.4.7	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	63
5	<b>BREYTINGAR FRÁ ELDRA SKIPULAGI</b>	<b>64</b>
5.1	Breytingar í byggð	64
5.2	Breytingar á Holtamannaafretti	64
6	<b>HEIMILDIR</b>	<b>65</b>
7	<b>VIÐAUKI - UPPDRÆTTIR</b>	<b>67</b>

## MYNDASKRÁ

MYND 1. Ásahreppur og Holtamannaafréttur. _____	8
MYND 2. Fjöldi íbúa í Ásahreppi frá 2005-2019 og spá um íbúapróun frá 2020 til 2032. _____	12
MYND 3. Samanburður á aldursdreifingu íbúa í Ásahreppi árið 2010 (svartar súlur) og 2019 (bláar súlur). ____	13
MYND 4. Íbúðarhús byggð á árunum 2000-2020. _____	14
MYND 5. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014 . _____	15
MYND 6. Grænu svæðin eru sá hluti Hekluskóga sem eru innan Ásahrepps. Mörk Hekluskóga eru sýnd með rauðri línu. _____	21
MYND 7. Gistinætur í Nýjadal, Versölum og Hótel Hálandi. (Upplýsingar frá rekstraraðilum). _____	23
MYND 8. Viðhorf til Sprengisandsvegar. _____	25
MYND 9. Áhrif nýs Sprengisandsvegar á upplifun. _____	26
MYND 10. Vindrósir. Frá vinstri: Selsandur, Versalir og Nýidalur. (Heimild: Veðurstofan 2019). _____	31
MYND 11. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði m.v. 500 ára endurkomutíma. Heimild: (Björn Ingi Sveinsson og Páll Halldórsson, 2002, 2009). _____	31
MYND 12. Mesta útbreiðsla flóðs í Þjórsá vegna mögulegs eldgoss í Bárðarbungu. Bláa svæðið sýnir mestu útbreiðslu, blátt skástrikað svæði sýnir óvissa útbreiðslu og grænt skástrikað svæði sýnir útbreiðslu áætlaða út frá sögulegum flóðum 1825-2006. _____	32
MYND 13. Rýmingaráætlun. Rýmingu á að vera lokið í Ásahreppi um 18 klst. eftir að gos hefst. _____	33
MYND 14. Þjóðlendan Holtamannaafréttur er innan rauða flákans. _____	34
MYND 15. Viðhorf til lagningar háspennulínu yfir Sprengisand. _____	52
MYND 16. Líkleg áhrif háspennulínu á upplifun ferðamanna af svæðinu. _____	52

## TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1. Ferðapjónustan 2019. Heildarlaun - vægi atvinnuvegaflokks innan sveitarfélags. _____	15
TAFLA 2. Flokkun landbúnaðarlands í byggð og á afrétti. _____	16
TAFLA 3. Flokkun landbúnaðarlands í byggð. _____	17
TAFLA 4. Viðmið sem notuð eru í rannsókninni. _____	18
TAFLA 5. Áhrifaþátturinn landhæð og hæfisgildi eiginda. _____	18
TAFLA 6. Áhrifaþátturinn jarðvegsgerð og hæfisgildi eiginda. _____	18
TAFLA 7. Áhrifaþátturinn vistgerðir og hæfisgildi eiginda. _____	19
TAFLA 8. Áhrifaþátturinn landhalli og hæfisgildi eiginda. _____	19
TAFLA 9. Vægi áhrifaþátta sem notað er við útreikninga og flokkun. _____	19
TAFLA 10. Yfirlit yfir tegund gististaða skv. reglugerð. _____	22
TAFLA 11. Umferð í byggð og á afréttinum árin 2010 og 2018. _____	24
TAFLA 12. Yfirlit yfir áætlanir sem tekið er tillit til við mótun á stefnu aðalskipulags. _____	40
TAFLA 13. Umhverfisþættir og umhverfisviðmið. _____	42

<b>TAFLA 14.</b> Skýringar á umhverfisáhrifum. _____	44
<b>TAFLA 15.</b> Niðurstaða af samanburði valkosta fyrir Landbúnaðarsvæði. _____	47
<b>TAFLA 16.</b> Niðurstaða af samanburði valkosta fyrir Sprengisandsleið. _____	50
<b>TAFLA 17.</b> Niðurstaða af samanburði valkosta fyrir Sprengisandslínu. _____	55
<b>TAFLA 18.</b> Niðurstaða af samanburði valkosta fyrir vindlund. _____	57
<b>TAFLA 19.</b> Niðurstaða af samanburði valkosta fyrir efnistöku. _____	60
<b>TAFLA 20.</b> Viðmið fyrir loftslagsmál og stefna í aðalskipulaginu. _____	62



## 1 INNGANGUR

Ásahreppur er vestasta sveitarfélagið í Rangárvallasýslu. Stærð skipulagssvæðis í byggð er um 138 km<sup>2</sup> og skipulagssvæði á Holtamannaafrétti er um 2880 km<sup>2</sup>.

Atvinnulíf er blómlegt og á flestum jörðum er landbúnaðarstarfsemi, oft í bland við aðra atvinnu-  
starfsemi s.s. ferðapjónustu. Samhliða aðalskipulagsvinnunni er landbúnaðarland flokkað og settir  
skilmálar fyrir það. Grunnþjónusta er rekin í samstarfi við nágrannasveitarfélög. Ekkert þéttbýli er í  
Ásahreppi.



**MYND 1.** Ásahreppur og Holtamannaafréttur.

Sveitarfélagið er fremur lágrent með lágum holtum. Afrétturinn er fremur flatlendur með ávöllum bung-  
um. Gróðursæld er á láglandi og má segja að það sé nær algróið. Á afréttinum eru lítt gróin svæði sem

bera merki uppblásturs og nálægðar við eldfjöll. Í byggð eru Safamýri og Sauðholtsnes á náttúru-minjaskrá. Friðland Þjórsárvera og Vatnajökulsþjóðgarður ná yfir hluta afréttarins. Á afréttinum eru nokkrar virkjanir.

Bændur í Ásahreppi og hluta Rangárþings ytra (áður Djúpárhreppi) eiga upprekstrar- og nytjarétt á Holtamannaafretti. Ásahreppur og Rangárþing ytra fara sameiginlega með stjórnslu á Holtamannaafretti skv. sérstökum samningi. Þar sem minnst er á afrétt í skipulagstillögu er ávallt átt við þann hluta sveitarfélagsins sem er ofan hálandislínu en einnig er notað orðið hálandi eða miðhálandi fyrir svæðið.

### 1.1 Tilefni endurskoðunar

Tilefni endurskoðunar byggist á breyttum forsendum frá gildandi aðalskipulagi og hvernig hefur gengið að fylgja eftir þeirri stefnu sem þar var sett fram. Talsverðar breytingar hafa orðið á forsendum skipulagsins, bæði innan sveitarfélagsins sem og í ytra umhverfi. Yfirlit yfir breyttar forsendur má sjá í kafla 2. Hér að neðan eru tiltekna helstu ástæður fyrir því að sveitarstjórn telur tilefni til endurskoðunarinnar.

- Íbúum hefur fjölgað umfram það sem gildandi skipulag gerði ráð fyrir.
- Ásókn hefur verið í að skipta upp landi og byggja upp á minni spildum (smábýlum), ýmist í tengslum við landbúnað eða án tengsla við landbúnað.
- Ferðaþjónusta hefur eflst og er stunduð á nokkrum bæjum. Ferðamönnum hefur fjölgað mikið. Móta þarf heildarstefnu um málaflökkinn og mögulega ferðamannastaði.
- Yfirfara hvernig stefna skipulagsins getur stuðlað að leiðum og aðgerðum til að mæta kröfum á sviði umhverfis- og loftslagsmála sbr. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- Útfæra þarf hvernig hægt er að kolefnisjafna sveitarfélagið.
- Nokkur áhugi er á minni vindrafstöðvum og er mikilvægt að móta stefnu um slíka uppbyggingu.
- Áhugi er að skoða möguleika á að færa reiðleiðir frá meginvegum og gerð hjólastígastíga.
- Breytt lagaumhverfi, nýir landnotkunarflokkar skv. skipulagsreglugerð, nýjar áherslur í landskipulagsstefnu.

### 1.2 Vinnuhópur

Sveitarfélagið skipaði vinnuhóp um endurskoðun aðalskipulagsins. Í honum eru Ásta B. Ólafsdóttir og Egill Sigurðsson fyrir Ásahrepp. Einnig starfa með vinnuhópnum Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi. Ráðgjafar við skipulagsvinnuna eru verkfræðistofan EFLA.

### 1.3 Breytingar á gildandi aðalskipulagi

Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022 var staðfest í nóvember 2010. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á aðalskipulaginu. Legu Búðarárslínu var breytt og efnistökusvæðum í tengslum við gerð Búðarháls-virkjunar. Frístundasvæði á Miðmundarholti var breytt í íbúðarsvæði og síðar í verslunar- og þjónustusvæði. Hluta íbúðarsvæðis í Ási var breytt í landbúnaðarland. Selfosslína 2 var að mestu leyti tekin út og í staðinn settur inn jarðstrengur, Lækjartúnslína og iðnaðarsvæði fyrir tengivirki í Lækjartúni. Sett var inn nýtt efnistökusvæði við Sporðöldulón og fjögur ný efnistökusvæði við Þórisós.



## 2 FORSENDUR

### 2.1 Umhverfi


Sveitarfélagið hefur undanfarin ár staðið fyrir hreinsunarátaki sem felst m.a. í því að íbúar geta fengið gáma fyrir brotajárn og rúlluplast heim á bæ. Þá hefur verið staðið fyrir hreinsunarátaki á vorin þar sem gámum til flokkunar sorps er fjölgað á gá mavöllum og íbúum þannig gert auðveldara fyrir með tiltekt. Gert er ráð fyrir að þessi þjónusta verði í boði áfram.

Við frágang vegna framkvæmda og efnistökusvæða er mikilvægt að hvorki verði eftir lýti á landi né hætta á uppfoki og/eða gróðurskemmdum. Þar sem gróðri er raskað er æskilegt að haga aðgerðum þannig að gróður og efstu jarðvegslög séu varðveitt til að nýta við frágang svæða síðar. Þannig má mögulega flýta fyrir framgangi staðargróðurs, nýta efnivið sem þegar er til staðar og bæta líkur á að frágangur svæða falli betur að nærumhverfi.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram markmið um að standa vörð um náttúru og landslag miðhálandis vegna náttúruverndargildis og mikilvægis svæðisins til útivistar og að uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess. Lögð er áhersla á að viðhalda sérkennum og náttúrugæðum miðhálandis með áherslu á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja. Þess verði gætt að mannvirki og umferð skerði víðerni og náttúrugæði sem minnst.

#### 2.1.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru samþykkt árið 2015 og tóku gildi 1. janúar 2016. Heimsmarkmiðin miða að því að efla sjálfbæra þróun í heiminum til 2030, með því að útrýma fátækt og mismunun, auka velmegun allra og gera heiminn að betri stað<sup>1</sup>.



<sup>1</sup><https://www.socialprogress.is/single-post/2019/04/05/Framfaravog-sveitarf%C3%A9laga-m%C3%A6lir-l%C3%ADfsg%C3%A6m%C3%B0i-og-framfarir>

Heimsmarkmiðin 17 innihalda alls 169 undirmarkmið. Þar sem um er að ræða markmið fyrir mörg og ólík lönd er brýnt að finna leiðir til að hægt sé að meta árangur við að ná þeim með samræmdum hætti.

Við endurskoðun aðalskipulagsins hefur hluti Heimsmarkmiðanna verið tengdur við stefnuna og einnig eru þau notuð sem umhverfisviðmið í umhverfismati aðalskipulagsins.

### 2.1.2 Loftlagsmál og losun kolefnis

Við gerð skipulagsáætlana er hægt að hafa áhrif á nær alla flokka losunar kolefnis. Áætla má að fyrir Ásahrepp séu eftirfarandi helstu losunarpættir:


- **Landnotkun, breytingar á landnotkun og skógrækt:** Þessi þáttur er sennilega stærstur hjá sveitarfélögum með hlutfallslega mikið land á móti byggð og þá sérstaklega ef mikið er um framræst votlendi. Mikilvægt er að huga að því hvaða land fer undir þegar byggð er skipulögð.
- **Samgöngur:** Losun vegna notkunar eldsneytis í samgöngum er sennilega einn af stærstu þáttum í flestum sveitarfélögum. Einkabílar, vörubílar, strætisvagnar, rútur, flugvélar og skip.
- **Úrgangur:** Losun aðallega vegna urðunar lífræns úrgangs en einnig vegna brennslu úrgangs og meðhöndlunar skólps.
- **Byggingarefni:** Mikilvægur þáttur í kolefnisspori sveitarfélaga sem vill oft gleymast. Á skipulagsstigi eru mestu tækifærin til að hafa áhrif á losun vegna byggingarefna<sup>2</sup>.

## 2.2 Íbúar

Við vinnslu aðalskipulagsins er tekið mið af spá um fjölgun íbúa þegar sett eru ákvæði fyrir uppbyggingu í dreifbýli. Í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir að árleg fjölgun íbúa yrði um 2%, m.v. það hefðu íbúar verið um 240 við lok skipulagstímabilsins árið 2022. Þann 1. janúar 2019 voru íbúar Ásahrepps orðnir 248 og hefur fjölgað um 30,5% frá árinu 2010. Þann 1. janúar 2021 voru íbúar 271<sup>3</sup>.

<sup>2</sup> (Helga J. Bjarnadóttir, Sigurður Thorlacius 2020).

<sup>3</sup> (Hagstofan 2019).



**MYND 2.** Fjöldi íbúa í Ásahreppi frá 2005-2019 og spá um íbúaþróun frá 2020 til 2032.


Á mynd 2 er íbúafjöldi í Ásahreppi framreiknaður m.v. áætlaða meðalfjölgun á landinu öllu, svokallaða lág-, mið- og háspá frá Hagstofunni. Miðað við háspá verður fjöldi íbúa 285 við lok skipulagstímabilsins, árið 2032. Ef hins vegar fjölgunin yrði áfram um 30% yrði fjöldi íbúa 367. Ólíklegt er að þessi fjölgun haldi áfram enda hefur íbúafjöldi aðeins sveiflast til og sum ár hefur íbúum fækkað.

Í Áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland kemur fram að 79% íbúa voru með íslenskt ríkisfang og 21% íbúa með erlent ríkisfang<sup>4</sup>. Hluti íbúa með erlent ríkisfang vinnur í ferðaþjónustu eða tengt hestamennsku. Fjöldi þeirra á hverjum tíma fer því að einhverju leyti eftir stöðu ferðaþjónustunnar og fjölda ferðamanna.

<sup>4</sup> (Markaðsstofa Suðurlands, Ferðamálastofa, e.d.).

## 2.2.1 Aldursdreifing íbúa

Í spá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að talsverðar breytingar verði á aldurssamsetningu landsmanna á næstu áratugum og er talið að aldraðir verði hlutfallslega fleiri á landsvísu. Á mynd 3 er sýnd aldurssamsetning íbúa í Ásahreppi árið 2010 og 2019<sup>5</sup>. Íbúum hefur fjölgað á flestum aldersbilum.



**MYND 3.** Samanburður á aldurssamsetningu íbúa í Ásahreppi árið 2010 (svartar súlur) og 2019 (bláar súlur)<sup>6</sup>.

<sup>5</sup> (Hagstofan 2019).


<sup>6</sup> (Hagstofan 2019).

### 2.2.2 Íbúðar- og frístundahús

Ekkert þéttbýli er í sveitarfélaginu þannig að sú uppbygging sem á sér stað er ýmist í tengslum við kynslóðaskipti á jörðum eða að lóðum/spildum er skipt út úr jörðum og seldar.

Árið 2010 voru skráð 80 íbúðarhús í Ásahreppi hjá Þjóðskrá. Árið 2018 voru þau orðin 94. Skipting íbúða er 85 einbýlishús, 4 tvíbýli og 2 íbúðir sem eru ekki nýttar sem íbúðarhúsnæði. Árið 2010 voru skráð 35 frístundahús hjá Þjóðskrá og 34 árið 2018.

Í Lögbýlaskrá 2018 eru skráð 67 lögbýli, 3 jarðir eru skráðar í eyði<sup>7</sup>. Einhver hluti íbúðarhúsa eru ekki lögbýli. Á mynd 4 er sýnd staðsetning þeirra íbúðarhúsa sem byggð voru í Ásahreppi á árunum 2000 - 2020.




MYND 4. Íbúðarhús byggð á árunum 2000-2020.

## 2.3 Atvinnulíf

Vinnusóknarsvæði fyrir Ásahrepp, skv. skilgreiningu Byggðastofnunar árið 2014, er í grófum dráttum frá Skógum í austri og Selfossi í vestri. Vinnusóknarsvæði er það svæði sem fólk sækir daglega milli heimilis og vinnustaðar og er áætlað af Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögum. Torsótt er að fá gögn um atvinnumál á grunni sveitarfélaga og því er erfitt að fá heildarmynd af skiptingu atvinnu eftir greinum innan sveitarfélagsins eða fjölda starfa í einstökum greinum. Starfsumhverfi hinna ýmsu atvinnugreina hefur breyst mikið undanfarna áratugi, sem og búsetumynstur á Íslandi. Ásahreppur hefur lengst af verið dæmigert dreifbýlissamfélag með landbúnað sem aðalatvinnugrein. Samhliða fækkun starfa í landbúnaði á landsvísu hafa komið til ný atvinnutækifæri. Þeir þættir sem líklega hafa hvað mest áhrif á þróunina er fjölgun ferðamanna sem m.a. veldur því að ferðaþjónusta er orðin veigameiri þáttur í atvinnulífinu. Þá sækir talsverður fjöldi íbúa atvinnu utan heimilis.

<sup>7</sup> (Þjóðskrá Íslands 2019).



MYND 5. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014 <sup>8</sup>.

Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga hefur unnið greiningu á stöðu og þróun atvinnulífs á Suðurlandi, með sérstakri áherslu á ferðapjónustu<sup>9</sup>. Í greiningunni kemur fram að árið 2009 voru 9 einstaklingar í Ásahreppi sem höfðu ferðapjónustu að aðalstarfi. Árið 2019 voru þeir orðnir 21.

Í töflu 1 er sýnt vægi nokkurra atvinnuvegaflokka út frá heildarlaunum.

TAFLA 1. Ferðapjónustan 2019. Heildarlaun - vægi atvinnuvegaflokks innan sveitarfélags.

SVÆÐI	GISTING	MENNINGAR-STARFSEMI	SKAPANDI LISTIR OG AÐPREYING	SKRIFSTOFU-VINNA	VEITINGAR	ÞJÓNUSTUSTARFSEMI TENGD FLUTNINGUM Á LANDI
Ásahreppur	57,0%	1,2%	0,8%	24,2%	5,8%	11,1%
Suðurland	43,7%	5,2%	0,6%	13,6%	19,7%	4,2%

Árið 2018 var hlutfall ferðapjónustu af heildartekjum í Ásahreppi 19,9%. Árið 2019 voru 91 fyrirtæki í Ásahreppi, þar af voru 11 í ferðapjónustu.

<sup>8</sup> (Byggðastofnun 2014).

<sup>9</sup> (Hrafn Sævaldsson 2020).

### 2.3.1 Landbúnaður

Landbúnaður er megin landnotkun í Ásahreppi og er stundaður í einhverri mynd á flestum jörðum. Landbúnaður hefur breyst á undanförunum árum í þá veru að þó búskapur sé stundaður á jörðum er algengast að bændur stundi einnig aðra vinnu. Samkvæmt landskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Landnotkun styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðaþróun. Einnig er gert ráð fyrir að flokkun landbúnaðarlands sé lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum<sup>10</sup>.

Um land bújarða á landbúnaðarsvæðum gilda ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004, og eftir atvikum ákvæði annarra laga.

Á hluta landbúnaðarlands eru kvaðir sem taka þarf tillit til við nýtingu lands s.s. vegna vatnsverndar, svæða á náttúruminjaskrá og hverfisverndar vegna náttúru- og söguminja.

Árið 2020 voru 3 kúabú í Ásahreppi. Á um 15 býlum er hestamennska og hrossarækt stór hluti af starfsemi býlisins. Árið 2017 voru sauðfjárþú 20 talsins, þar af voru 5 með yfir 200 kindur.

### 2.3.2 Flokkun landbúnaðarlands

Í tengslum við gerð aðalskipulags var landbúnaðarland flokkað í sveitarfélaginu.

Niðurstaða flokkunar, samkvæmt aðferðarfræði sem kynnt er í minnisblaði þessu, gefur til kynna að um 5.390 ha lands í sveitarfélaginu falli undir flokk I, úrvals ræktunarland og 6.065 ha falla undir flokk II, gott ræktunarland. Stærð landsvæða fyrir hvern flokk og hlutfall af heildar landsvæði sveitarfélagsins má sjá í töflu 2.

**TAFLA 2.** Flokkun landbúnaðarlands í byggð og á afrétti.

FLOKKUR	STÆRÐ (HA)	HLUTFALL AF STÆRÐ
Flokkur I - Úrvals ræktunarland	~ 5.430	2%
Flokkur II - Gott ræktunarland	~ 6.068	2%
Flokkur III - Blandað land	~ 221	0,1%
Flokkur IV - Illræktanlegt / óræktanlegt land	~ 287.285	96%

Stór hluti sveitarfélagsins, eða um 95% af landsvæði þess, er innan marka miðhálandis Íslands. Ef einungis er litið til landsvæðis í byggð má sjá að um 83% af landsvæði í byggð fellur undir flokka I og II sem er úrvals ræktunarland og gott ræktunarland (tafla 3).

<sup>10</sup> (Alþingi Íslands 2016).

TAFLA 3. Flokkun landbúnaðarlands í byggð.

FLOKKUR	STÆRÐ (HA)	HLUTFALL AF STÆRÐ
Flokkur I - Úrvals ræktunarland	~ 5.430	39,3%
Flokkur II - Gott ræktunarland	~ 6.068	43,9%
Flokkur III - Blandað land	~ 153	1,1%
Flokkur IV - Illræktanlegt / óræktanlegt land	~ 2.166	15,7%

Skilgreining á flokkum:

- **Flokkur I - Úrvals ræktunarland:** Engar eða mjög litlar takmarkanir eru á notkun landsins til ræktunar. Því sléttara og því lægra í landi því betra. Vistgerðir og jarðvegsgerðir henta mjög vel til ræktunar, æskilegt er að jarðvegsdýpt sé sem mest, sem minnst af grjóti og raki sé hæfilegur.
- **Flokkur II - Gott ræktunarland:** Litlar takmarkanir eru á notkun landsins til ræktunar en þó meiri en í flokki I. Landið getur verið í meiri halla og/eða legið hærra í landi en í flokki I. Þá geta jarðvegsgerðir og vistgerðir verið aðeins lakari en í flokki I, til dæmis aðeins minni jarðvegsdýpt, meiri líkur á grjóti eða landið verið blautara.
- **Flokkur III - Blandað land:** Takmarkanir geta haft áhrif á notkun landsins til ræktunar. Halli getur til að mynda verið meiri en í flokkum I og II eða landið legið hærra yfir sjó. Vistgerðir og jarðvegsgerðir geta verið lakari en í flokkum I og II, m.a. vegna minni jarðvegsdýptar, grýtni og/eða bleytu. Land hentar yfirleitt vel til beitar og jafnvel til skógræktar og getur í sumum tilvikum hentað til túnræktar.
- **Flokkur IV - Illræktanlegt / óræktanlegt land:** Takmarkanir útiloka landið frá ræktun. Á svæðinu geta verið vistgerðir og/eða jarðvegsgerðir sem eru óræktanlegar, halli lands getur verið of mikill eða landið legið of hátt yfir sjó. Þetta getur einnig verið manngert umhverfi eins og þéttbýli eða vegir. Landið getur oft hentað til útivistar og í sumum tilvikum til beitar. Í þessum flokki er mjög blautt votlendi.

Flokkun landbúnaðarlands í Ásahreppi er sýnd á skýringaruppdrætti 1 í viðauka.

### Aðferð

Við greiningu og flokkun landbúnaðarlands er stuðst við fjölpátta ákvarðanagreiningu í landupp-lýsingakerfi (e. *GIS based Multi Criteria Decision Analysis*). Aðferðin er í grunninn staðarvalsgreining sem hefur það að markmiði að finna hentugasta svæðið fyrir ræktun með tilliti til viðmiða sem hafa áhrif á hæfi svæða. Við greiningu og flokkun á landi er byggt á fyrirliggjandi, aðgengilegum landupp-lýsingagögnum sem ná yfir allt land sveitarfélagsins. Þau eru:

- Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Jarðvegskort Landbúnaðarháskóla Íslands
- ArcticDEM landhæðarlíkan frá Landmælingum Íslands
  - Landhalli
  - Hæð yfir sjó

## Viðmið

Við flokkun og greiningu er stuðst við tvær tegundir viðmiða:

- Áhrifaþætti, sem eru þættir sem hafa áhrif á nýtingu svæðis til ræktunar en koma ekki í veg fyrir hana.
- Takmarkanir, sem eru þættir koma í veg fyrir að unnt sé að nýta svæði til ræktunar.

Þau viðmið, áhrifaþættir og takmarkanir, sem byggt er á í flokkun landbúnaðarlands má sjá í töflu 4.

**TAFLA 4.** Viðmið sem notuð eru í rannsókninni.

TAKMARKANIR	ÁHRIFAPÆTTIR
Vistgerðir sem ekki henta til ræktunar <ul style="list-style-type: none"><li>- Hraun og grjót</li><li>- Ár og vötn</li><li>- Jöklar</li><li>- Þéttbýli og manggert umhverfi</li></ul>	Vistgerðir sem henta til ræktunar, hentugleiki er mismunandi eftir vistgerðum
Jarðvegsgerðir <ul style="list-style-type: none"><li>- Óræktanlegar jarðvegsgerðir</li></ul>	Jarðvegsgerðir sem henta til ræktunar, hentugleiki er mismunandi eftir jarðvegsgerðum
Landhæðarlíkan <ul style="list-style-type: none"><li>- Landhalli =&gt; 25%</li><li>- Hæð yfir sjó =&gt; 300 m</li></ul>	Landhæðarlíkan <ul style="list-style-type: none"><li>- Landhalli &lt; 25% hefur mismikla hæfni til ræktunar</li><li>- Hæð yfir sjó &lt; 300 m hefur mismikla hæfni til ræktunar</li></ul>

Hentugleiki eiginda innan áhrifaþátta geta verið mismunandi, þannig henta t.d. mismunandi jarðvegsgerðir misvel til ræktunar og það sama á við mismunandi vistgerðir, hæð yfir sjó og landhalla. Til að draga fram mismunandi hentugleika fá eigindi innan viðkomandi áhrifaþátta hæfisgildi á bilinu 0 (hentar ekki) til 10 (hentar best).

**TAFLA 5.** Áhrifaþátturinn landhæð og hæfisgildi eiginda.

HÆÐ YFIR SJÓ	HÆFISGILDI
< 100 m	10
100-200 m	8
200-300 m	5

**TAFLA 6.** Áhrifaþátturinn jarðvegsgerð og hæfisgildi eiginda.

JARÐVEGSGERÐ	HÆFISGILDI
Brúnjörð	
Votjörð og Brúnjörð	10
Svartjörð	

TAFLA 7. Áhrifaþátturinn vistgerðir og hæfisgildi eiginda.

VISTGERÐ	HÆFISGILDI	VISTGERÐ	HÆFISGILDI
Língresis- og vingulvist	10	Hrossanálarvist	7
Tún og akurlendi		Mosamóavist	
Blómgresisvist	9	Uppgræðslur	
Grasengjavist		Fjalldrapamóavist	
Grasmóavist		Brokflóavist	
Skógarkerfill		Fléttumóavist	
Snarrótarvist		Hraungambravist	6
Grasmelavist	8	Mosamelavist	5
Lyngmóavist á láglendi		Starungsmýravist	
Runnamýravist á láglendi		Flagmóavist	
Víðikjarrvist		Melagambravist	
Alaskalúpína	7	Moldavist	
Auravist		Skógrækt	
Bugðupuntsvist		Stinnastaravist	

TAFLA 8. Áhrifaþátturinn landhalli og hæfisgildi eiginda.

LANDHALLI	HÆFISGILDI
0-5%	10
5-10%	9
10-15%	8
15-20%	6
20-25%	5

### Vægi áhrifaþátta

Áhrifaþættir eru ólíkir og hafa mismikil áhrif á hæfi til ræktunar, áhrifaþáttum er því úthlutað vægi sem skilgreinir mikilvægi viðkomandi áhrifaþátta í samanburði við aðra áhrifaþætti. Til að meta vægi áhrifaþátta er notuð aðferð sem kallast *Analytic Hierarchy Process* þar sem áhrifaþættir eru metnir með samanburðar-matrixu. Vægi áhrifaþátta má sjá í töflu 9.

TAFLA 9. Vægi áhrifaþátta sem notað er við útreikninga og flokkun.

	VISTGERÐIR	JARÐVEGSGERÐIR	LANDHALLI	HÆÐ YFIR SJÓ
Vægi	56,6%	16,4%	6,0%	21,0%

## Niðurstaða

Niðurstaða flokkunar landbúnaðarlands er fengin með því að leggja alla áhrifaþættina saman að teknu tilliti til vægis þeirra og draga svo takmarkanir frá. Niðurstaða er sett fram á hæfiskorti þar sem svæði fá hæfiseinkunn á bilinu 0 – 10. Svæði sem fá gildið 10 henta mjög vel til ræktunar en 0 þýðir að svæðið sé talið óræktanlegt. Þetta hæfiskort er grundvöllur flokkunar landbúnaðarlands þar sem svæðum er skipt í 4 flokka eftir hæfiseinkunn:

**Flokkur I** er úrvals ræktunarland þar sem litlar eða engar takmarkanir eru fyrir ræktun. Flokkurinn inniheldur því aðeins þau svæði sem fá bestu hæfiseinkunnina, á bilinu 9,5 – 10.

**Flokkur II** er gott ræktunarland og nær yfir svæði með hæfisgildi á bilinu 7,5 – 9,5.

**Flokkur III** er blandað land, s.s. beitar- og/eða skógræktarland en getur í sumum tilvikum hentað til túnræktar. Hæfiseinkunn í þessum flokki er á bilinu 5 – 7,5.

**Flokkur IV** er illræktanlegt til óræktanlegt land, það eru svæði sem fá verstu hæfiseinkunn, þ.e. á bilinu 0 – 5 og eru því talin vera mjög léleg eða svo blaut að þau eru illræktanleg.

## Ávinningur og annmarkar

Einn helsti kostur við að nýta þessa aðferðafræði við flokkun á landbúnaðarlandi er að unnt er að ná yfir stór landsvæði á nokkuð einfaldan og hagkvæman hátt. Þessi aðferð býður einnig uppá að taka tillit til samlegðaráhrifa þeirra áhrifaþátta sem liggja til grundvallar flokkuninni. Með því að leggja saman áhrifaþætti með tilliti til vægis þeirra eru svæði ekki endilega útilokuð þó svo þau séu talin mjög léleg með tilliti til ákveðins áhrifaþátta, ef aðrir áhrifaþættir benda til þess að um gott ræktunarland sé að ræða. Þannig geta t.d. svæði ofan tiltekinnar hæðar yfir sjó eða í tilteknum landhalla, sem talinn er óaskilegur, verið gott ræktunarland, ef öll önnur viðmið benda til þess að svæðið sé mjög gott til ræktunar. Niðurstaða flokkunar landbúnaðarlands með þessari aðferð er því ekki háð tilteknum skilyrðum, eins og að besta landið verði að vera neðan við tiltekna hæð yfir sjó eða á tilteknu landhallabili. Heldur er tekið mið af fleiri viðmiðum sem hafa áhrif á hæfni landsins og horft á þau öll samtímis.

Helsti annmarki við aðferðina tengist nákvæmni gagnanna. Vistgerðakort og jarðvegskort eiga það sameiginlegt að þau eru unnin að miklu leyti með fjarkönnun þó að vettvangsathuganir hafi líka verið veigamikill þáttur í vinnslu þeirra. Jarðvegskortið er gefið út í mælikvarðanum 1:250.000 en vistgerðakortið í 1:25.000. Þegar þessi gögn eru færð í sömu upplausn er eðlilegt að nokkur alhæfing og einföldun eigi sér stað. Því verður að hafa nákvæmni og áreiðanleika grunngagnanna í huga þegar niðurstöður úr flokkun sem þessari eru túlkaðar, því niðurstaðan getur aldrei orðið nákvæmari en gögnin sem notuð eru.


### 2.3.3 Skógrækt- og landgræðsla

Á afréttinum er unnið að uppgræðslu vegna vottunar (gæðastýringar í sauðfjárrækt) samhliða sumar- beit sauðfjár. Miðað er að því að styrkja og endurheimta vistkerfi og stöðva jarðvegseyðingu. Einn hluti af gæðastýringunni snýr að beitartíma á afréttinum.

Heklusógaverkefnið er uppgræðslu- og skógræktarverkefni til endurheimtar skóga. Heklusógar ná yfir Þjórsárdal, efri hluta Rangárvalla og Landsveitar. Sultartangi og nágrenni Hrauneyjafossvirkjunar eru þau svæði í Ásahreppi sem er innan Heklusóga.

Eitt skógræktarsvæði er í byggð og er skógrækt þar undir merkjum Suðurlandsskóga. Auk þess er skjólbeltarækt víða og trjágróður í kringum bæi til skjólmyndunar.

Í stefnu fyrir skógrækt sem ber heitið *Skógar á Íslandi, stefna á 21. öld*<sup>11</sup>, kemur fram að markmiðið sé að tífalda skógarþekju landsins fyrir aldamótin 2100 sem þýðir að þeir muni þekja a.m.k. 12% af flatarmáli landsins. Í lögum um skógrækt á lögbýlum nr. 95/2006 segir í markmiðum að stefnt skuli að því að skógar þeki a.m.k. 5% af flatarmáli neðan 400 m hæðar yfir sjó í hverjum landshluta.



**MYND 6.** Grænu svæðin eru sá hluti Heklusóga sem eru innan Ásahrepps. Mörk Heklusóga eru sýnd með rauðri línu.

### 2.3.4 Ferðaþjónusta

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er gert ráð fyrir að ferðaþjónusta verði eflað en um leið verði varðveitt þau gæði sem eru undirstaða hennar. Uppbygging ferðamannaáðstöðu á miðhálandinu stuðli að góðri aðstöðu ferðamanna, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar.

Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir að fjallaskálar á afrétti sveitarfélagsins séu í flokki afþreyingar- og ferðamannasvæða. Jaðarmiðstöðvar eru við meginleiðir inn á hálandið og þar er gert ráð fyrir rekstri gístiaðstöðu og alhliða þjónustu fyrir ferðamenn og með möguleika á ferðaþjónustu allt árið. Skálasvæði eru í góðu vegasambandi. Gert er ráð fyrir samfelldri þjónustu yfir sumarið og möguleika á einhverri starfsemi yfir vetrartímann. Þjónustustarfsemi í fjallaseljum getur falist í rekstri gístiskála og tjaldsvæðis auk fræðslu og eftirlits. Við ákvörðun um staðsetningu fjallaselja skal tekið mið af því að

<sup>11</sup> (Jón Loftsson, o.fl. 2013).

fjarlægð milli jaðar- og hálendismiðstöðva, skálasvæða og fjallaselja sé jafnan hæfileg dagleið fyrir göngufólk<sup>12</sup>.

Í Áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018-2021 kemur fram að helstu atvinnuvegir í Ásahreppi séu landbúnaður og ferðaþjónusta<sup>13</sup>. Helstu áskoranir í ferðaþjónustu eru að styrkja þarf grunnþjónustu og innviði. Þörf er á betri samgöngum til að ferðamenn dreifist betur. Ferðaþjónustan þarf að byggjast upp í sátt við íbúa og huga þarf að heildrænni uppbyggingu áningarstaða. Efla þarf upplýsingagjöf og fræðslu til starfsmanna í ferðaþjónustu og ferðamanna<sup>14</sup>.

Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga hefur unnið greiningu á stöðu og þróun atvinnulífs á Suðurlandi, með sérstakri áherslu á ferðaþjónustu<sup>15</sup>. Í greiningunni kemur fram að árið 2019 voru 21 einstaklingur sem hafði ferðaþjónustu að aðalstarfi.

Árið 2019 voru 6 staðir í byggð með rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II eða V skv. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2017<sup>16</sup>. Alls er gisting fyrir um 110 gesti. Nokkrir staðir eru með heimagistingu sem fellur undir flokk I í reglugerðinni. Auk þess er seld gisting í nokkrum skálum á afréttinum og er gisting fyrir um 170 gesti. Vegna þess hve gististaðir eru fáir í sveitarfélaginu er ekki hægt að tryggja rekjanleika gagnanna og því fást ekki upplýsingar frá Hagstofunni um fjölda gistinátta.

Samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 m.s.br. (Alþingi Íslands, 2007b), sem einnig fylgir reglugerð nr. 1277/2016, eru gististaðir flokkaðir í eftirfarandi 4 flokka sem tekur mið af því hvort og hvernig boðnar eru veitingar í mat og/eða drykk.

Nánar er fjallað um ferðaþjónustu í Ásahreppi í skýrslunni „Ferðaþjónusta í Ásahreppi. Staða og tækifæri“<sup>17</sup>.

**TAFLA 10.** Yfirlit yfir tegund gististaða skv. reglugerð.

FLOKKUR	TEGUND
Flokkur I	Heimagisting
Flokkur II	Gististaður án veitinga
Flokkur III	Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum
Flokkur IV	Gististaður með áfengisveitingum

Gisting af ýmsum toga er innan svæðisins s.s. gistiheimili, heimagisting og gisting í fjallaskálum.

<sup>12</sup> (Ferðamálastofa 2016).


<sup>13</sup> (Markaðsstofa Suðurlands, Ferðamálastofa, e.d.).

<sup>14</sup> (Markaðsstofa Suðurlands, Ferðamálastofa, e.d.).

<sup>15</sup> (Hrafn Sævaldsson 2020).

<sup>16</sup> (Sýslumenn 2019).

<sup>17</sup> (Ingibjörg Sveinsdóttir, o.fl. 2021).



**MYND 7.** Gistinguætur í Nýjadal, Versölum og Hótel Hálandi. (Upplýsingar frá rekstraraðilum).

### 2.3.5 Iðnaðarsvæði

Í byggð eru iðnaðarsvæði fyrir þaueldi kjúklinga, verktakastarfsemi og tengivirki háspennulínu.

Á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár eru sex vatnsaflsvirkjanir og eru mannvirki fimm þeirra að hluta til eða öllu leyti á Holtamannaafretti. Þær eru eftirtaldar: Sultartangavirkjun, Búðarhálsvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun, Sigölduvirkjun og Vatnsfellsvirkjun. Vatni til miðlunar er safnað í uppistöðulónin Sultartangalón, Þórisvatn, Sauðafellslón, Kvíslaveitu og Hágöngulón. Að auki eru minni miðlunarmannvirki við hverja virkjun; Bjarnarlón, Sporðöldulón, Hrauneyjalón, Krókslón og Vatnsfellslón<sup>18</sup>. Frá virkjunum liggja háspennulínur til byggða á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðið. Virkjanir og miðlunarlón á afréttinum eru sýnd á skýringaruppdrætti 2 í viðauka.

### 2.3.6 Efnistökusvæði

Flestar námur í sveitarfélaginu eru nýttar til vegagerðar. Gott burðarefni er vandfundið í einhverju magni og því eru námur margar en efnismagn fremur lítið.

Nokkrar námur á hálendinu eru nýttar í þágu orkuvinnslu. Gert er ráð fyrir nokkrum efnistökusvæðum á afréttinum, eru þær hugsaðar til endurbóta á vegum. Æskilegt er að nýta það efni sem best er fallið til vegagerðar, sem næst notkunarstað og taka efni þar sem efnistaka hefur hvað minnst umhverfisáhrif. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi og taka mið af lögum og reglugerðum sem um efnistöku gilda. Efnistaka kann að vera tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar.

<sup>18</sup> (Landsvirkjun.is e.d.).

### 2.3.7 Óbyggð svæði

Holtamannaafréttur er að stærstum hluta skilgreindur sem óbyggð svæði. Beitarnot eru almennt heimil á óbyggðum svæðum, en beitarnýting á sér lengsta hefð á hálendinu. Dregið hefur úr beitarálagi á síðustu áratugum vegna breytinga á búskaparháttum. Í samvinnu við bændur og Landgræðsluna er unnið að beitarstjórn og uppgræðslu á viðkvæmstu svæðum afréttarins.

Afrétturinn er allur innan þjóðlendu og ofan hálendismarka, eins og þau voru skilgreind í svæðisskipulagi miðhálandisins.

## 2.4 Samgöngur

Suðurlandsvegur nr. 1 liggur þvert í gegnum sveitarfélagið og Sprengisandsleið eftir endilöngum afréttinum. Í töflunni hér að neðan sést að umferð um Suðurlandsveg hefur aukist gríðarlega en minna á öðrum vegum og á hálendinu. Í byggðinni eru sýndar tölur fyrir ÁDU eða ársdagsumferð, sem er meðalumferð á dag yfir árið. Á afréttinum eru sýndar tölur fyrir sumardagsumferð, SDU, sem er meðalumferð á dag í júní, júlí, ágúst og september.

**TAFLA 11.** Umferð í byggð og á afréttinum árin 2010 og 2018<sup>19</sup>.

VEGUR	UMFERÐ 2010	UMFERÐ 2018
Suðurlandsvegur austan Þjórsár	ÁDU 2533	ÁDU 4200
Heiðarvegur 284	ÁDU 71	ÁDU 75
Sprengisandsleið 26 við Hrauneyjar	SDU 208	SDU 250
Sprengisandsleið F26 við Vatnsfell	SDU 40	SDU 45
Sprengisandsleið F26 við Nýjadal	SDU 29	SDU 35
Veiðivatnaleið F228	SDU 42	SDU 50
Jökulheimavegur F229	SDU 4	SDU 5

Umferð um Suðurlandsveg kallar á að skoða þarf breikkun vegarins til að tryggja betur öryggi vegfaranda. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að Suðurlandsvegur verði 2+1 vegur. Einnig þurfa vistvænar samgöngur að vera öflugar og mikilvægt að möguleiki sé að nýta hjólreiðar til að sækja vinnu ásamt því að reiðhjólástígar nýtist til útivistar og fyrir ferðamenn.


Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir greiðfærum vegi yfir Sprengisand og að hann liggji nokkuð vestar en núverandi vegur.

<sup>19</sup> (Vegagerðin 2019).

### 2.4.1 Könnun á viðhorfi til Sprengisandsleiðar

Í janúar 2015 kom út skýrsla sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) vann fyrir Landsnet og Vegagerðina í tengslum við hugmyndir um lagningu raflínu og nýs vegar yfir Sprengisand. Skýrslan nefnist *Sprengisandslína og Sprengisandsleið. Kannanir meðal ferðamanna og fagfólks í ferðamennsku*<sup>20</sup>. Í skýrslunni var m.a. spurt um viðhorf til Sprengisandsvegar og mismunandi uppbyggingar á honum.


Aðilar sem reka ferðaþjónustu beggja vegna Sprengisands vildu helst að vegurinn yrði hóflega uppbyggður samkvæmt niðurstöðum RRF. Um 35% Íslendinga á láglandi voru mjög eða frekar fylgjandi því að leggja fulluppbyggðan veg yfir Sprengisand (mynd 8).



**MYND 8.** Viðhorf til Sprengisandsvegar.

Nýr Sprengisandsvegur getur haft áhrif á upplifun ferðamanna af svæðinu en skv. niðurstöðum úr könnun RRF telja tæp 75% erlendra ferðamanna á Sprengisandi að slík framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna af svæðinu. Rúmur helmingur Íslendinga á láglandi telja hins vegar að það muni hafa jákvæð áhrif á upplifun af svæðinu. Afstaða Íslendinga á Sprengisandi er hins vegar athyglisverð, þar er nánast jafnt hlutfall sem telur að uppbygging vegar sé jákvæð og neikvæð og rúm 20% telja að hún hafi engin áhrif á upplifun. Tæp 60% ferðaþjónustuaðila beggja vegna Sprengisandsvegar telja að uppbygging vegar hafi jákvæð áhrif á upplifun ferðamanna af svæðinu en helmingur ferðaskipuleggjenda og leiðsögumanna telja að vegabætur hafi neikvæð áhrif á upplifun (mynd 9).

<sup>20</sup> (Rögnvaldur Guðmundsson 2015).



**MYND 9.** Áhrif nýs Sprengisandsvegar á upplifun.

## 2.4.2 Vegir í náttúru Íslands

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli gera í aðalskipulagi skrá yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa. Vegirnir eru flokkaðir skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018. Flokkunin vega er sýnd á skýringaruppráttum 3 og 4 í viðauka.

## 2.4.3 Göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir

### Byggð

Unnið er að því að Ísland verði hluti af EuroVelo verkefninu, en það er net langra reiðhjólaleiða víðsvegar um Evrópu. Leiðirnar í þessu neti þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði, s.s. um hámarksuferð. Ein reiðhjólaleið á Íslandi er til skoðunar í þessu verkefni. Liggur hún frá Keflavíkurflugvelli til Seyðisfjarðar. Leiðin fylgir Suðurströndinni frá Keflavík og kemur á Suðurlandsveg við gömlu Þjórsárbrú, fer þaðan um Heiðarveg, Hagaveg, Landveg og Árbæjarveg. Fylgir síðan Suðurlandsvegi á Hvolsvöll<sup>21</sup>. Gert er ráð fyrir malbikaðri reiðhjólaleið með Suðurlandsvegi í gegnum sveitarfélagið, nýtist hún sem hluti af EuroVelo leiðinni.

### Afréttur

Holtamannaafreittur er áhugaverður til lengri og styttri gönguferða og hefur göngufólki farið fjölgandi. Á skipulagsupprætti eru sýndar meginleiðir sem liggja á milli áningarstaða þar sem möguleikar eru eða verða á gístaðstöðu og annarri þjónustu.

<sup>21</sup> (Eva Dís Þórðardóttir og Gísli Rafn Guðmundsson 2014).

Afrétturinn er vel fallinn til lengri og skemmri útreiðatúra. Reiðleiðir eru eingöngu sýndar á svæðum sem eru taldar þola umferð hesta. Á skipulagsuppdrætti eru sýndar meginleiðir sem liggja á milli áningarstaða þar sem möguleikar eru eða verða á gístiaðstöðu og annarri þjónustu. Lögð er áhersla á að aðskilja reiðleiðir frá akandi umferð. Möguleiki er að hjóla vegi og slóða á afréttinum.

## 2.5 Vernd

### 2.5.1 Náttúruvernd

Með verndarsvæðum er átt við svæði sem verndarkvaðir hvíla á, t.d. vegna náttúruverndar. Um náttúruverndarsvæði gilda ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Samkvæmt VIII kafla laganna eru flokkar friðlýstra svæða eftirtaldir:

- Náttúruvé
- Óbyggð víðerni
- Þjóðgarðar
- Friðlönd
- Náttúruvætti
- Landslagsverndarsvæði
- Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Tvö svæði í byggð eru á náttúruminjaskrá. eru það Safamýri sem er mikilvægur viðkomustaður farfugla, og Sauðholtsnes sem er samfeltt og lítt raskað mýrlendissvæði. Hluti af Friðlandi Þjósárvera nær yfir afréttinn og einnig vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Verndarsvæði eru sýnd á skýringaruppdráttum 9 og 10 í viðauka.

### 2.5.2 Víðerni

Í 46 gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er fjallað um að heimilt sé að friðlýsa óbyggð víðerni og þá með það að markmiði að varðveita og viðhalda einkennum svæðisins. Í lögunum eru óbyggð víðerni skilgreind sem; „svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum“. Ekki liggur fyrir skilgreining á hvað telst vera uppbyggður vegur en þó er ljóst að víða hafa vegir á hálendinu verið lagfærðir, lyft upp úr landi og jafnvel ár og lækir brúaðir/gerð ræsi. Landsskipulagsstefna gerir ráð fyrir að gönguskálar skerði ekki víðerni.

Almennt má segja að sú stefna sem sett er fram í aðalskipulaginu skerðir ekki óbyggð víðerni umfram það sem nú er. Þá ber að líta til þess að rykmengun vegna umferðar á þurrum dögum kann einnig að skerða víðernis- og óbyggðaupplifun. Víðerni eru sýnd á skýringaruppdrætti 5 í viðauka.

### 2.5.3 Sérstök vernd náttúruvörubæra

Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þá njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar. Forðast ber að raska eftirtöldum vistkerfum og jarðmyndunum, nema brýna nauðsyn beri til:

- Votlendi 20.000 m<sup>2</sup> eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri og sjávarfitjar og leirur.
- Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.
- Eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum<sup>22</sup>.

Í byggð nýtur Urriðafoss verndar skv. lögnum, einnig er að finna nokkrar volgrur, votlendi og aðrar vistgerðir með hátt verndargildi. Á Holtamannafrétti eru fossar, hraun, gervigígar, háhitasvæði og votlendi sem njóta verndar.

Náttúruvörubæri sem njóta sérstakrar verndar eru sýnd á skýringaruppdráttum 5 og 6 í viðauka.

### 2.5.4 Hverfisvernd

Hverfisvernd er alhliða vernd sem getur tekið til náttúruminja, landslags eða fornleifa. Mörg þessara svæða hafa einnig nokkurt útivistargildi. Sveitarstjórn setur fram í aðalskipulagi hvaða þættir á viðkomandi svæði skulu njóta tiltekinnar verndar. Ennfremur hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd og geta takmarkað framkvæmdir og landnotkun svæðisins.

### 2.5.5 Vatnsvernd

Vatnsverndarsvæði flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði<sup>23</sup>.

Verndarákvæði brunnsvæða skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 eru þessi: „Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólísins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli“.

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólísins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar, skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Verndar-

<sup>22</sup> (Náttúrufræðistofnun Íslands e.d.).

<sup>23</sup> (Umhverfisaráðuneytið 1999).

ákvæði grannsvæða, skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, eru þessi: „Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eitrefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti“.

Fjarsvæði liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða vatnsbóla. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi skv. skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999: „Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grannsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja“.

### 2.5.6 Fornminjar

Þjóðminjar taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt lögum um menningarmínjar nr. 80/2012. Samkvæmt 1. gr. laganna teljast menningarmínjar „ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu“. Allar friðlýstar fornminjar flokkast sem þjóðminjar skv. 2. gr. laganna. Þá kveða löggin á um að allar mínjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að fornleifar teljist „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.“ Auk friðlýstra fornminja er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem eru verndaðar í flokki hverfisverndar, en allar fornminjar njóta friðunar skv. 3. gr. laganna. Í 16. gr. segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi<sup>24</sup>.

Aðalskráningu fornminja er lokið í Ásahreppi<sup>25</sup>. Friðlýstar fornminjar eru taldar upp í greinargerð og sýndar á skipulagsuppráttum. Mínjar í byggð, skv. aðalskráningu, eru sýndar á skýringarupprætti 7 í viðauka.

## 2.6 Náttúrufar

### 2.6.1 Staðhættir

Byggðarhluti Ásahrepps er láglandur og skiptast á lágir ásar eða holt með flatara landi á milli. Stærsti hluti byggðarinnar er vel gróinn og ræktunarskilyrði eru víðast hvar góð. Þjórsá rennur vestan Ásahrepps og eru sandsvæði með henni syðst í hreppnum. Steinslækur rennur um miðbik hreppsins og út í Þjórsá. Stærsti hluti byggðarinnar er í 30-150 m hæð yfir sjó.

<sup>24</sup> (Alþingi Íslands 2012b).

<sup>25</sup> (Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri, Ágústa Edwald, Jóhann Gunnarson Robin, Lísa Rut Björnsdóttir, Stefán Ólafsson 2009a; 2009b).

Landfræðileg stefna Holtamannafréttar er SV-NA og skiptir Kaldakvísl honum í tvö svæði. Annars vegar er það Búðarháls sem er á milli Þjórsár og Köldukvíslar og hins vegar Þóristungur sem er svæðið milli Köldukvíslar og Tungnaár. Eftir afréttinum að sunnanverðu liggja öldur eða hryggir, Búðarháls syðstur og norður af honum Kjalöldur. Þegar norðar dregur verður landslag flatara en þar eru óreglu- legar melöldur, flestar lágar, en smákvíslar og tjarnir í lægðum og gróðurblettir þar sem vatn er. Lægðirnar milli þessara hæða eru í 5-600 metra hæð yfir sjó og fer land hækkandi til norðurs. Á Þóris- tungum og svæðinu austan Köldukvíslar er gróður einkum á syðsta hlutanum en hraun þegar norðar dregur. Afrétturinn er víðáttumikill en víða gróðurlítill sérstaklega um miðbikið sem og nyrsti og austasti hlutinn. Helstu gróðurlendi eru á Búðarhálsi og inn með Þjórsá, en þar eru Hvanngil, Þúfuver og Eyvindarver. Á Þóristungum er einnig nokkuð graslendi.

### 2.6.2 Gróðurfar

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint og flokkað vistgerðir á Íslandi samkvæmt alþjóðlegum aðferðum. Vistgerðirnar eru 105 talsins og er lagt mat á verndargildi þeirra. Í byggð eru votlend- isvistgerðir og víðikjarrvist með mjög hátt verndargildi. Á afréttinum eru votlendisvistgerðir, rústa- mýravist og víðikjarrvist með mjög hátt verndargildi<sup>26</sup>.

### 2.6.3 Dýralíf

Fuglar er sú dýrategund í náttúrunni sem mestan svip setur á umhverfið í sveitarfélaginu. Suðurlands- undirlendið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands<sup>27</sup>. Mikið heiðargæsavarp er í Þjórsárverum og eru þau á lista Ramsarsamningsins sem alþjóðlega mikil- vægt votlendissvæði vegna auðugs fuglalífs.

Veiði er í mörgum ám og vötnum á afréttinum. Veiðifélag Holtamannafréttar og Veiðifélag efri-Þjórsár hafa umsjón með henni. Seyðum hefur af og til verið sleppt í miðlunarlón á afréttinum.

Í byggð er veitt í Þjórsá, bæði í net og á stöng. Veiðifélag Þjórsár hefur umsjón með veiðinni. Lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, gilda um veiði.

### 2.6.4 Veðurfar

Hver geiri vindrósar sýnir tíðni vindáttar úr þeirri átt og byggir á lofthjúpsreikningum en ekki mæling- um. Eins og sjá má eru norðaustlægar áttir ríkjandi vindátt og er töluleg stærð þess vindáttargeira birt í miðju vindrósarinnar<sup>28</sup>.

<sup>26</sup> (Náttúrufræðistofnun Íslands 2016).

<sup>27</sup> (Náttúrufræðistofnun Íslands e.d.).

<sup>28</sup> (Veðurstofa Íslands 2019).



MYND 10. Vindrósir. Frá vinstri: Selsandur, Versalir og Nýidalur. (Heimild: Veðurstofan 2019).

## 2.7 Náttúruvá


Í grein 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er náttúruvá skilgreind sem „svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)“.

Í grófum dráttum má skipta áhrifum náttúruhamfara í þrennt þ.e.a.s. félagsleg-, eðlislæg- og efnahagsleg áhrif. Hverjum þessara þátta hefur síðan verið skipt upp í bein áhrif og afleidd áhrif. Þá er ljóst að náttúruhamfarir geta haft áhrif á mjög stórum svæðum t.d. þegar raforku-, fjarskipta- eða samgöngukerfi skemmast eða eyðileggjast.

Samkvæmt lögum er það hlutverk Almannaþingar ríkisins að skrá og gera úttekt á hættusvæðum á landinu og framkvæma hættumat. Í greinargerð aðalskipulagsins eru sett fram ákvæði varðandi byggingar á hættusvæðum.

### Jarðskjálftar

Ásahreppur er á Suðurlandsskjálftabeltinu en það er sniðgengisbelti sem nær frá Vatnafjöllum í austri vestur um Ölfus. „Breidd svæðisins er um 8-10 km og lengd þess um 70 km. Samkvæmt sögunni hafa jarðskjálftar sem náð hafa allt að 7,1 að stærð oft valdið miklu tjóni á svæðinu. Plötuhræfingarnar eru með þeim hætti að svæðið norðan við beltið færir til vesturs. Við þessa færslu bognar nokkurra tuga kílómetra breytt svæði og spennuorka byggist upp í því. Þessi orka leysist út í mörgum skjálftum sem eru með brotaplön þvert á meginrekhreyfinguna.“



MYND 11. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði m.v. 500 ára endurkomutíma. Heimild: (Björn Ingi Sveinsson og Páll Halldórsson, 2002, 2009).


*Einstaka skjálftar leysast úr læðingi með sniðgengishreyfingu á brotaplönnum sem liggja frá norðri til suðurs, þvert á AV beltið. Upphlaðin spenna á beltinu í heild leysist þannig úr læðingi í mörgum skjálftum á NS sprungum, frá austri til vesturs eftir beltinu“<sup>29</sup>.*

Það tjón sem einkum hlýst af jarðskjálftum vegna eðlislægra þátta er vegna sprungna á yfirborði, skemmda á mannvirkjum, breytinga á grunnvatnsstöðu og landsigs. Þá geta jarðskjálftar leitt til annarra náttúruhamfara, s.s. skriðufalla og flóða í ám.

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í sex hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina 0,5g, en það er 50% af þyngdarhröðuninni. Við hönnun mannvirkja þarf að taka mið af hönnunarhröðun innan hvers svæðis. Veruleg sveiflumögnun getur orðið á hraunlögum ofan á setlögum samanborið við jarðskjálftaáhrif á klöpp. Víða á Suðurlandsundirlendinu háttar þannig til og því ástæða til að sýna sérstaka aðgát við hönnun mannvirkja. Ásahreppur er í hæsta áhættuflokki gagnvart jarðskjálftum, þ.e. 0,5g (Mynd 11).

## Flóð

Vegna hugsanlegs eldgoss undir jökli í Bárðarbungu hefur verið unnið hættumat vegna jökulhlaups á Þjórsár/Tungnaár svæðinu. Ríkislögreglustjóri í samvinnu við Viðlagatryggingu Íslands unnu að skýrslu sem ber heitið GREINING Á ÁHRIFUM FLÓÐA Í KJÖLFAR ELDGOSA Í BÁRÐARBUNGU. Þar er lagt mat á mestu mögulegu útbreiðslu flóðs í Þjórsá neðan Sultartanga í ímynduðu 6000 m<sup>3</sup>/s jökulhlaupi í Hágöngulón. Framgangur flóðs á Þjórsár/Tungnaársvæðinu gæti orðið sem hér segir samkvæmt skýrslunni: „6000 m<sup>3</sup>/s jökulhlaup í Hágöngulón myndi yfirfylla lónið og rjúfa stíflu við norðanverða Hágöngu. Hlaupvatn rynni meðfram Hágönguhrauni í Kvíslavatn sem yfirfylltist og ein eða fleiri stíflur af átta við vatnið rofnuðu og beindu þannig hlaupvatni niður í Þjórsá. Flóðvar í Sultartangastíflu



**MYND 12.** Mesta útbreiðsla flóðs í Þjórsá vegna mögulegs eldgoss í Bárðarbungu. Bláa svæðið sýnir mestu útbreiðslu, blátt skástrikað svæði sýnir óvissa útbreiðslu og grænt skástrikað svæði sýnir útbreiðslu áætlaða út frá sögulegum flóðum 1825-2006.


rofnaði og brú á frárennslisskurði Sultartangastöðvar og brú yfir Þjórsá væru í hættu. Flóðið breiddi verulega úr sér á Hafinu á milli Sultartanga og Búrfells og bæði Landvegur austan ár og Þjórsárdalsvegur vestan ár yrðu að hluta eða öllu leyti undir vatni þegar flóðið stæði sem hæst. Líklega rynni yfir í Gjána vestan megin og yfir í Rangárbotna austan megin. Þá rynni yfir Þjórsárdalsveg við Núpsfjall yfir í Kálfá. Þó megnið af flóðvatninu væri í Þjórsá og á bökkum hennar myndi flæða yfir Skeiða- og Hrunamannaveg í Hvítá. Þá má reikna með að vatn flæddi að og jafnvel yfir Þjóðveg 1 á um 3 km kafla

<sup>29</sup> (Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, og Páll Halldórsson 2000).

vestan brúar á Þjórsá. Brúin væri þó líklega ekki í hættu<sup>30</sup>. Skammt neðan Þjórsárbrúar myndi flóðvatn dreifa úr sér yfir undirlendi í Ásahreppi og Flóahreppi. Gert er ráð fyrir að það taki flóðið um 40 klst að ná að Þjórsárbrú á þjóðvegi 1.

Unnin hefur verið að rýmingaráætlun vegna hlaups af þessari stærðargráðu og þar er gert ráð fyrir að rýma þurfi bæi. Möguleg útbreiðsla flóðs í Þjórsá er sýnd á mynd 12. Gert er ráð fyrir að hlaupið nái til sjávar tveimur dögum og rúmum fimm klst. eftir að það hefst. Rýmingaráætlun fyrir Ásahrepp er sýnd á mynd 13.

Frá því hættumatið var unnið hefur Landsvirkjun ráðist í endurbætur á stíflu við norðanverða Syðri-Hágöngu, til að tryggja virkni flóðvars í 6000 m<sup>3</sup> jökulhlaupi og draga úr líkum á að stíflan bresti.



**MYND 13.** Rýmingaráætlun. Rýmingu á að vera lokið í Ásahreppi um 18 klst. eftir að gos hefst.

### 2.7.1 Aðrar náttúruhamfarir

Ekki er talin teljandi hætta á öðrum náttúruhamförum í sveitarfélaginu.

<sup>30</sup> (Ríkislögreglustjóri og Viðlagatrygging Íslands 2014).


## 2.8 Þjóðlenda

Holtamannafréttur er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta<sup>31</sup>.

Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna.

Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs. Ef um er að ræða nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu þarf leyfi forsætisráðherra nema mælt sé fyrir um annað í lögum.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.



MYND 14. Þjóðlendan Holtamannafréttur er innan rauða flákans.

<sup>31</sup> (Alþingi Íslands 1998).



## **3 OPINBER ÞJÓNUSTA OG SAMSTARF SVEITARFÉLAGA**

### **3.1 Stjórnsýsla**

Skrifstofa Ásahrepps er á Laugalandi í Holtum. Sveitarfélagið er aðili að Héraðsnefnd Rangæinga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá hefur sveitarfélagið samstarf við nágrennasveitarfélög á fjölmörgum sviðum sem nánar verður vikið að hér á eftir.

### **3.2 Skólar**

Sveitarfélagið rekur grunnskóla á Laugalandi í samstarfi við Rangárþing ytra. Nemendur eru um 75 í tíu bekkjardeildum. Sveitarfélögin sjá um akstur nemenda til og frá skóla. Þá rekur sveitarfélagið leikskóla á Laugalandi í samstarfi við Rangárþing ytra, þar er rými fyrir um 40 börn. Sveitarfélagið er aðili að Tónlistarskóla Rangæinga sem er starfræktur af öllum sveitarfélögum í sýslunni og er kennt í öllum grunnskólum sýslunnar og einnig elsta árgangi í leikskólunum. Ennfremur er sveitarfélagið aðili að Skólaskrifstofu Suðurlands og Fjölbrotarskóla Suðurlands, sem staðsettur er á Selfossi.

### **3.3 Félags- og velferðarmál**

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. er samstarfsverkefni Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Íbúar þessara svæða eiga rétt á þjónustu stofnunarinnar.

### **3.4 Heilbrigðisþjónusta**

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum í sýslunni aðili að Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem starfrækir m.a. heilsugæslustöð á Hellu. Sveitarfélagið sér um þjónustu við fatlaða. Þá er Ásahreppur ásamt Rangárþingi ytra aðili að Lundi, Hjúkrunar- og dvalarheimili aldra á Hellu. Á Lundi eru hjúkrunarrými fyrir 32 heimilismenn og dvalarrými fyrir 2 heimilismenn.

### **3.5 Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.**

Sveitarfélagið er aðili að Brunavörnum Rangárvallasýslu bs. ásamt öðrum sveitarfélögum í sýslunni. Slökkvistöðvar eru á Hellu og Hvolsvelli.

### 3.6 Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Sveitarfélagið er aðili að Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. ásamt öðrum sveitarfélögum í Rangárvallasýslu. Sorpi er safnað á móttöku- og urðunarsvæði stöðvarinnar í landi Strandar austan Hellu, en þar er sorp flokkað í neysluúrgang, pappír, timbur og annan grófgerðan úrgang, jarðvegs- og gróðurúrgang, landbúnaðarplast, eitur- og spilliefni og brotajárn. Svæði stöðvarinnar er tæplega 30 ha að stærð.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er aðili að Sorpstöð Suðurlands sem gert hefur samkomulag við SORPU bs. um móttöku á sorpi til urðunar og móttöku á flokkuðum efnum til endurvinnslu.

Sorpstöð Suðurlands bs. stóð að gerð svæðisáætlunar fyrir starfssvæði sitt. Svæðisáætlunin fjallar um meðhöndlun úrgangs 2005-2020. Með gerð svæðisáætlunar voru skilgreind þau markmið sem vinna skal eftir til þess að auka endurnýtingu og lágmarka förgun úrgangs.

Í Ásahreppi er þriggja tunnu flokkun á sorpi; þ.e. grá tunna fyrir almennt sorp, blá tunna fyrir pappír og fernur, græn tunna fyrir plast og brúnt box fyrir lífrænan úrgang. Auk þess er heyrúlluplast sótt heim á bæi og hægt er að óska eftir að fá brotajárnsгам. Tekið er við öllum öðrum úrgangi s.s. timbri, málmum og grófum úrgangi á móttökusvæði á Strönd. Einnig er gámasvæði fyrir heimilissorp við Ásveg í landi Meiri-Tungu.

### 3.7 Skipulags- og byggingamál

Ásahreppur er aðili að Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs. ásamt Bláskógabyggð, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Byggðasamlagið hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa á starfssvæði samlagsins. Sveitarfélögin skipa sameiginlega sex manna skipulagsnefnd skv. sérstökum samningi.

### 3.8 Veitur

#### Rafveita

Þriggja fasa rafmagn hefur verið lagt á þá bæi þar sem er búskapur eða önnur atvinnustarfsemi.

Um byggðahluta sveitarfélagsins liggur Búrfellslína 2. Þá er fyrirhugað að taka niður Selfosslínu 2 og setja í hennar stað jarðstreng frá Selfossi að Hellu, Lækjartúnslínu 2.

Á Holtamannafrétti eru nokkrar háspennulínur sem flytja raforku frá virkjunum til byggða á Suðurlandi og til höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt er gert ráð fyrir háspennulínu yfir Sprengisand og Hágöngulínu.

#### Vatnsveita

Ásahreppur rekur vatnsveitu í samstarfi við Rangárþing ytra og eru vatnsból og vatnsverndarsvæði vatnsveitunnar í Holta- og Landsveit.

### **Hitaveita**

Hitaveita á vegum Veitna er á flestum bæjum í Ásahreppi og einhverjum frístundahúsum.

### **Fráveita**

Viðurkenndar rotþrær eru á öllum bæjum og flestum frístundahúsum. Sér sveitarfélagið um tæmingu þeirra á þriggja ára fresti. Viðurkenndar rotþrær eru við virkjanir á afréttinum og þá skála þar sem rekin er einhvers konar þjónusta.

### **Fjarskipti**

Þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun, fyrir árin 2011-2022, gerir ráð fyrir að öryggi fjarskiptakerfa á landsvísu, útbreiðsla og afköst verði tryggð. Þá verði settar fram tillögur að úrbótum sem greiði fyrir endurnýjun og uppbyggingu ljósleiðarastofn- og aðgangsneta um land allt<sup>32</sup>.

Ásaljós hefur lagt ljósleiðara á alla bæi í sveitarfélaginu og í þau frístundahús sem þess hafa óskað.

Ljósleiðari liggur þvert í gegnum sveitarfélagið um Þjórsárbrú og austur að Hellu. Annar ljósleiðari liggur með Suðurlandsvegi um Hellu og Hvolsvöll og áfram um Landeyjar til Vestmannaeyja.

Ljósleiðari liggur frá Vatnsfellsvirkjun að fjarskiptamastri á Skrokköldu og norður til Akureyrar.

Fjarskiptamastur er á Grásteinsholti og annað á Krosshól. Á Holtamannaafretti eru fjarskiptamöstur á Búðarhálsi, Vatnsfelli og Skrokköldu.

---

<sup>32</sup> (Alþingi Íslands 2012a).



## 4 UMHVERFISSKÝRSLA

Endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Markmið laganna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð. Endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum.
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða endurskoðun aðalskipulags. Í umhverfismati áætlana eru valkostir fyrir breytta stefnu frá eldra aðalskipulagi settir upp og bornir saman, eftir því sem við á. Umhverfismat áætlana nýtist sem innlegg í aðalskipulagsgerð og stuðlar að upplýstri og gagnsæri ákvarðanatöku. „Umhverfismatinu er ætlað að auka gæði skipulagsáætlana og tryggja að umhverfisáhrif séu metin við gerð aðalskipulagsins í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af framfylgd áætlunarinnar“<sup>33</sup>.

Þegar breytingar verða á umhverfinu af mannavöldum er talað um umhverfisáhrif. Umhverfisáhrif áætlana eru skilgreind sem áhrif af framkvæmd skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið. Áhrifin geta falið í sér breytingar á umhverfinu sem geta t.d. verið jákvæðar eða neikvæðar, skammtíma eða langtíma, afturkræfar eða óafturkræfar.

Við umhverfismat áætlana er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa ásamt leiðbeiningum um gerð umhverfisskýrslu. Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis í sveitarfélaginu.

Umhverfismatinu er fyrst og fremst ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif af stefnu aðalskipulagsins.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

<sup>33</sup> (Skipulagsstofnun 2007).

- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerðinni.

#### 4.1 Tilkynninga- eða matsskyldar framkvæmdir

Aðalskipulagstillagan markar stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í Viðauka I í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í flokki A eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Í flokki B og C eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Mögulegar framkvæmdir innan sveitarfélagsins sem falla undir þennan flokk eru taldar upp í eftirfarandi töflu:

STEFNA	FLOKKUR FRAMKVÆMDA SKV. LÖGUM UM MAT Á UMHVERFIS-ÁHRIFUM	SKÝRING
Skógrækt	Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun. Varanleg skógareyðing sem breytir fyrri landnotkun.	Liður 1.06, flokkur B.
Efnistaka	Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m <sup>2</sup> svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m <sup>3</sup> eða meira. Efnistaka og/eða haugsetning þar sem fleiri en einn efnistökuastaður og/eða haugsetningarstaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m <sup>2</sup> .	Liður 2.03, flokkur B.
Efnistaka	Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m <sup>2</sup> svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m <sup>3</sup> .	Liður 2.04, flokkur C.
Orkuvinnsla	Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmafl eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafi eða meira.	Liður 3.02, flokkur A.
Vindlundur við Sigöldu	Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu (vindbú) með 2 MW uppsett rafafi eða meira.	Liður 3.24, flokkur B
Háspennulína yfir Sprengisand	Loflínur til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri sem eru 20 km eða lengri.	Liður 3.08, flokkur A.
Breikkun Suðurlandsvegur	Nýir tveggja akreina vegir með framúrakstursrein og vegir með fjórar akreinar eða fleiri.	Liður 10.07, flokkur A.
Sprengisandsleið	Nýir vegir sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega þar sem samanlögð nýlagning utan eldra vegsvæðis eða breikkun úr tveimur akreinum í fjórar er a.m.k. 10 km að lengd.	Liður 10.08, flokkur A.

## 4.2 Tengsl við aðrar áætlanir

**TAFLA 12.** Yfirlit yfir áætlanir sem tekið er tillit til við mótun á stefnu aðalskipulags.

Áætlun á landsvísu	Helstu markmið/stefna sem tengist aðalskipulaginu	Samræmi við stefnu í aðalskipulagi Ásahrepps
Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við landsskipulagsstefnu	Þeir þættir sem tekið er mið af eru stefna um skipulag á miðhálandinu, stefna um skipulag í dreifbýli. Loftslagsmiðað skipulag, staðarmótun og landslagsvernd, heilsuvæn byggð og landnotkun.	Aðalskipulagið tekur mið af og er í samræmi við þá stefnu sem sett er fram í landsskipulagsstefnu. Einnig er horft til stefnu í viðauka við landsskipulagsstefnu. Landsskipulagsstefna er nýtt til að móta stefnu skipulagsins sem og við mat á umhverfisáhrifum af stefnu aðalskipulagsins.
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Horft er til eftirtalinna heimsmarkmiða: 7 Sjálfbær orka. 13 Aðgerðir í loftslagsmálum. 15 Líf á landi.	Aðalskipulagið tekur mið af völdum heimsmarkmiðum og nýtir þau í stefnu fyrir tiltekna málaflokka skipulagsins sem og við mat á umhverfisáhrifum af stefnu skipulagsins. Gert er ráð fyrir frekari raforkuframleiðslu, m.a. með nýtingu vindorku. Dreifikerfi raforku verði haldið við og það styrkt. T.d. er gert ráð fyrir háspennulínu/rafstreng yfir hálendið. Sett er stefna um skógrækt og landgræðslu m.a. sem leið til að binda kolefni. Stefna um beitarstjórnun og landnýtingu í samræmi við landgæði. Helstu votlendissvæði eru sett undir hverfisvernd og hvatt til stækkunar þeirra og endurheimtar votlendis.
Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 og framkvæmdáætlun	Í Kerfisáætlun er sett fram áætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Kerfisáætlun gerir ráð fyrir byggingu tengivirkis í Lækjartúni og lagningu 132 kV rafstrengs, Lækjartúnslínu 2, milli Hellu og Lækjartúns. Framkvæmd áætluð 2020-2021.	Aðalskipulagið tekur mið af Kerfisáætlun.
Náttúruminjaskrá	Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst.	Gerð er grein fyrir náttúruverndarsvæðum í aðalskipulaginu.
Samgönguáætlun 2020-2034. Drög að aðgerðaráætlun 2020-2024 í samráðsgátt	Við hönnun, framkvæmd, rekstur og viðhald mannvirkja verði tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Leitast verði við að gera hjólréiðar og göngu að greiðum og öruggum ferðamáta. Viðhald stofnvega á hálendi og endurbætur á þeim beinist að því að auka öryggi og koma í veg fyrir akstur utan vega.	Aðalskipulagið tekur mið af Samgönguáætlun.
Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði	Verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana og er sveitarstjórnnum skylt að samræma skipulag við áætlunina.	Virkjanakostir eru skilgreindir í samræmi við verndar- og orkunýtingaráætlun.

Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030	Orkuskipti í vegasamgöngum, átak í kolefnisbindingu, bættri landnotkun, skógrækt, landgræðsla, endurheimt votlendis, kolefnisbinding m.a. í samstarfi við sauðfjárbændur.	Sett er fram stefna um innviði sem styðja við orkuskipti í samgöngum, áhersla er á að efla vistvæna ferðamáta og almenningssamgöngur. Áhersla er að nýta skógrækt til bindingar kolefnis.
<b>Áætlun á svæðisvísu</b>	<b>Helstu markmið/stefna sem tengist aðalskipulaginu</b>	<b>Samræmi við stefnu í aðalskipulagi Ásahrepps</b>
Áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland (DMP), uppfærð 2020	Samræming við starfsmarkmið og aðgerðaráætlun fyrir grunnþjónustu, uppbyggingu, samgöngur og stefnumótun.	Sett er fram stefna um ferðþjónustu og samgöngur.
Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga.
Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga.
Aðalskipulag Þingeyjar-sveitar 2010-2022	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga.
Aðalskipulag Eyjafjarðar-sveitar 2018-2030	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga.
Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga.
Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga.
Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökuls-þjóðgarðs 2018	Vernd náttúru, landslags, lífríkis, jarðmyndana og menningarminja. Tryggja aðgengi almennings að svæðinu til að njóta náttúru þess og sögu. Efling byggðar og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og sjálfbær nýting gæða hans.	Aðalskipulagið tekur mið af stefnu fyrir þjóðgarðinn s.s. varðandi þjónustusvæði, samgöngur, verndarsvæði o.fl.
Friðland í Þjórsárverum	Markmið friðlýsingar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera, s.s. vistkerfi, varpstöðvar heiðargæsa, víðernis, landslagsheildar og menningarminja.	Aðalskipulagið tekur mið af friðlýsingarskilmálum.

### 4.3 Umhverfispættir og umhverfisviðmið

Við skilgreiningu og val umhverfispátta var leitast við að þeir tülki umhverfið samkvæmt skilgreiningu í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, 1. mgr. 2. gr. Umhverfispættir voru m.a. valdir út frá þeim áherslum sem sveitarfélagið metur að geti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

„Umhverfi er samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta“.

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa ákveðinni þróun sem talin er æskileg út frá umhverfismálum og hugsuninni um sjálfbærni.

Skipulagsstofnun hefur hvatt sveitarfélög til að nýta sér viðmið úr landsskipulagsstefnu og viðauka við hana ásamt því að nýta Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem viðmið. Umhverfispættir og umhverfisviðmið hafa verið endurskoðuð frá því sem var í skipulagslýsingu. Lög og reglugerðir eru ekki talin upp sem viðmið þar sem stefnan skal taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem eru í gildi á hverjum tíma.

**TAFLA 13.** Umhverfispættir og umhverfisviðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ
<b>Loft</b> <i>Losun gróðurhúsa-lofttegunda.</i> <i>Nýting sjálfbærrar orku.</i>	Heimsmarkmið <ul style="list-style-type: none"> <li>• 7 Sjálfbær orka. Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.</li> <li>• 13 Aðgerðir í loftlagsmálum. Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.</li> </ul> Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við stefnuna. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.</li> <li>• Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að kolefnishlutleysi og viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.</li> </ul>
<b>Land</b> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Jarðvegur – jarðvegsrof.</i> <i>Ár og vötn, grunnvatn.</i>	Heimsmarkmið <ul style="list-style-type: none"> <li>• 15 Líf á landi. Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.</li> </ul>
<b>Landslag</b> <i>Víðerni.</i> <i>Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð.</i> <i>Fjölbreytileiki og andstæður.</i> <i>Sjónræn áhrif.</i>	Heimsmarkmið <ul style="list-style-type: none"> <li>• 15 Líf á landi. Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.</li> </ul> Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.</li> <li>• Skipulag byggðar og landnotkunar varðveiti og efli gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað.</li> </ul>
<b>Gróður og dýr</b> <i>Vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar.</i> <i>Friðlýstar tegundir.</i> <i>Líffræðileg fjölbreytni.</i> <i>Tegundasamsetning.</i>	Heimsmarkmið <ul style="list-style-type: none"> <li>• 15 Líf á landi. Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.</li> </ul> Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við stefnuna.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ
<i>Tegundir á válista. Búsvæði.</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.</li> <li>Landnotkun styðji við búsetu og samfélag með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar, möguleikar séu á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands.</li> <li>Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.</li> </ul> <p>Flokkun landbúnaðarlands.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Landbúnaðarland er flokkað í fjóra flokka og sett ákvæði til að vernda gott landbúnaðarland (flokka I og II) fyrir matvælaframleiðslu.</li> </ul>
<b>Heilbrigði</b> <i>Heilsufar íbúa. Mengun og hávaði. Náttúruvá. Öryggi, s.s. umferðaröryggi.</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> <li>Náttúruvá og loftslagsbreytingar: Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.</li> <li>Skipulag í dreifbýli stuðli að heilnæmu umhverfi og gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til útivistar.</li> <li>Áhersla er á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.</li> <li>Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilsu og vellíðan.</li> </ul>
<b>Samfélag</b> <i>Íbúafjöldi og íbúasamsetning. Efnahagur og atvinnulíf. Framboð og eftirspurn eftir þjónustu, íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Byggðamynstur og yfirbragð byggðar. Samgöngur. Útivistarmöguleikar. Orkuvinnsla og dreifikerfi.</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana. <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag. Landnotkun styðji við búsetu og samfélag með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar, möguleikar séu á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands. Stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu.</li> <li>Ferðaþjónusta: Uppbygging ferðamannaaðstöðu stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks. Gætt verði að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar.</li> <li>Samgöngur: Áhersla á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Viðhald og uppbygging samgangna á hálendinu stuðli að góðu aðgengi og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta. Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.</li> <li>Skipulag byggðar og landnotkunar varðveiti og eflir gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað.</li> <li>Orkuvinnsla og dreifikerfi. Orkulindir á miðhálendinu verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega m.t.t. verndunar víðerna. Meiri háttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálendisins.</li> </ul> <p>Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla á að minnka kolefnisspor, efla lífsgæði og að mannlíf blómstri, auka nýsköpun og framleiðni með öflugum atvinnulífi.</li> </ul> <p>DMP áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Styrkja þarf grunnþjónustu og innviði. Þörf er á betri samgöngum til að ferðamenn dreifist betur. Ferðaþjónustan byggist upp í sátt við íbúa og huga þarf að heildrænni uppbyggingu áningarstaða.</li> </ul>
<b>Náttúru- og menningarmínjar</b> <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúrumínjaskrá. Hverfisvernd. Fornleifar og friðuð hús.</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag í dreifbýli stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu.</li> </ul>

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái

til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

**TAFLA 14.** Skýringar á umhverfisáhrifum.

ÁHRIF	SKÝRING
Jákvæð áhrif +	Stefna áætlunar hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Engin/óveruleg áhrif 0	Stefna áætlunar hefur engin eða ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Neikvæð áhrif -	Stefnan áætlunar hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óviss áhrif/háð útfærslu ?	Ekki er vitað um eðli eða umfang áhrifa á umhverfisþáttinn. Skortur er á upplýsingum, tæknilegir annmarkar og/eða skortur á þekkingu.

#### 4.4 Umhverfismat áætlana – samanburður valkosta

Aðalskipulag markar stefnu um landnotkun. Skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 hafa tekið gildi frá því síðasta aðalskipulag var staðfest. Með nýjum lögum og reglugerð fjölgar landnotkunarflokkum og í einhverjum tilfellum færast landnotkun á milli flokka. Sú breyting kallar þó ekki á samanburð valkosta. Umhverfismat áætlana var unnið samhliða skipulagsvinnunni. Með því móti nýtist matið best til að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðlað að bættum eða óskertum umhverfisgæðum í sveitarfélaginu.

Áhersla í aðalskipulagsvinnunni var að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að kolefnisbindingu, s.s. með skógrækt, setja skýrari heimildir fyrir heimildir á landbúnaðarsvæðum, bæði hvað varðar íbúðarhúsnæði og atvinnustarfsemi sem ekki tengist landbúnaði. Stefna um samgöngur, orkuflutningskerfi og orkuvinnslu er endurskoðuð, ásamt stefnu um efnistökusvæði. Gerð er almenn uppfærsla á skipulagsgögnum m.t.t. nýrra laga og reglugerða sem efni aðalskipulags fellur undir.

Hér á eftir er lagt mat á líkleg umhverfisáhrif af stefnu aðalskipulagsins, með áherslu á þær breytingar sem gerðar eru frá eldra skipulagi. Breytt stefna er ýmist metin út frá grunnástandi, stefnu í eldra skipulagi og/eða nýjum valkostum. Greint er frá líklegum áhrifum og mögulegum mótvægisáðgerðum fyrir hvern málaflokk fyrir sig og/eða leiðum til að vakta áhrif, ef við á.

##### 4.4.1 Landbúnaðarsvæði

Nokkur ásókn hefur verið í að fá land til ábúðar og byggja þar upp minniháttar atvinnustarfsemi, jafnvel án þess að landbúnaðarstarfsemi sé stunduð samhliða, eða þá að hún sé í minnihluta. Greiðar samgöngur og ljósleiðaratenging breytir verulega atvinnumöguleikum í sveitarfélaginu. Stefna í gildandi skipulagi hefur hamlað uppbyggingu á litlum landspildum þar sem landbúnaður er ekki aðal atvinnugreinin.

Reiknað er með að landbúnaður verði áfram stundaður í sveitarfélaginu og hliðarbúgreinar haldi áfram að þróast samhliða honum. Landbúnaðarland hefur verið flokkað í sveitarfélaginu og er vilji til að vernda besta landið til áframhaldandi landbúnaðarstarfsemi.

Sveitarfélagið er hlynnt uppbyggingu í dreifbýli, bæði í tengslum við búrekstur en jafnframt uppbyggingu sem er óháð búrekstri. Uppbygging fjölgar íbúum og getur skapað ný atvinnutækifæri. Vilji er til að heimila uppbyggingu á litlum lóðum/landspildum til fastrar búsetu og minniháttar atvinnustarfsemi ótengdri landbúnaði, s.s. ferðaþjónustu með allt að 20 gesti, afurðasölu eða léttan iðnað. Hafa skal í huga að uppbyggingin hamli ekki ræktunarmöguleikum á landbúnaðarlandi í flokki L1 (sjá skilgreiningu í greinargerð), sé í tengslum við núverandi bæjartorfur og fjarlægð frá þjóðvegi sé almennt ekki yfir 1 km.

### Grunnástand

Landbúnaðarsvæði er megin landnotkun í byggðinni. Í gildandi skipulagi er stefna um að góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar. Auk landbúnaðarstarfsemi er heimilt að starfrækja ferðaþjónustu s.s. gistingu og greiðasölu. Heimilt að vera með sérhæfðar byggingar fyrir gistiheimili, smáhýsi og veitingarekstur, allt að 1.500 m<sup>2</sup>. Heimilt er að byggja 3 íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri og 3 frístundahús.

### Viðmið

- Landsskipulagsstefna 2015-2026.
  - Landnotkun styðji við búsetu, möguleikar séu á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar.
  - Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.
  - Skipulag í dreifbýli stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu.
  - Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilsu og vellíðan.
  - Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.
  - Skipulag byggðar og landnotkunar varðveiti og efli gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað.
- Flokkun landbúnaðarlands.
  - Áhersla er á að vernda land í flokkum I og II til matvælaframleiðslu.

### Valkostir

**Núll kostur** - stefna í gildandi skipulagi. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir byggingum sem tengjast búrekstri. Heimilt er að starfrækja ferðaþjónustu s.s. gistingu og greiðasölu. Heimilt að vera með sérhæfðar byggingar fyrir gistiheimili, smáhýsi og veitingarekstur, allt að 1.500 m<sup>2</sup>. Heimilt að byggja 3 íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri og 3 frístundahús.

**Valinn kostur:** Gott landbúnaðarland (L1) verður áfram nýtt til landbúnaðar. Þar sem föst búseta er verði heimilt að stunda annan minniháttar atvinnurekstur, ótengdan landbúnaði, s.s. ferðaþjónustu, afurðasölu eða léttan iðnað. Stærð bygginga fyrir slíka starfsemi getur verið allt að 500 m<sup>2</sup>.

Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu á minni spildum í tengslum við núverandi bæjartorfur, vegi og veitur (L3). Heimilt er að vera með minniháttar atvinnustarfsemi ótengda landbúnaði. Heildar bygg-ingarmagn verði að hámarki 1.500 m<sup>2</sup>, þar af verði að hámarki 500 m<sup>2</sup> fyrir starfsemi sem er ótengd landbúnaði. Heimilt er að vera með gistingu fyrir allt að 20 gesti. Heimilt er að reisa eina vindrafstöð á hverri jörð, hæð hverfils allt að 30 m og orkuvinnsla allt að 1 MW.

## Samanburður

### Núll-kostur:

**Áhrif á loft eru metin jákvæð.** Uppbygging í dreifbýli og föst búseta er líkleg til að stuðla að bindingu kolefnis vegna meiri trjáræktar til skjólmyndunar. Sór hluti íbúa sækir atvinnu af bæ sem krefst aksturs til og frá vinnu. Með tilkomu ljósleiðaratengingar hafa möguleikar til fjarvinnu batnað til muna. Stærstu votlendissvæðin eru undir hverfisvernd og settir skilmálar fyrir verndun votlendis.

**Áhrif á land eru metin óveruleg** ef valin er staðsetning þar sem ekki eru þekktar jarðmyndanir sem njóta verndar.

**Áhrif á landslag eru óveruleg.** Uppbygging í dreifbýli telst eðlileg en ekki eru skilmálar um útlit og ásýnd mannvirkja né að halda skuli í dreifbýlisyfirbragð. Reynslan hefur þó sýnt að nokkuð gott samræmi er í útliti mannvirkja á hverjum bæ.

**Áhrif á gróður og dýralíf eru metin jákvæð/óviss.** Hluti votlendis er settur undir hverfisvernd og gert ráð fyrir að gott landbúnaðarland sé nýtt til landbúnaðar. Stefnan var ekki byggð á flokkun landbúnaðarlands og því matskennt hvað er gott landbúnaðarland.

**Áhrif á heilbrigði eru óveruleg.** Með meiri uppbyggingu í dreifbýli má búast við að umferð verði eitthvað meiri því íbúar aka til og frá vinnu.

**Áhrif á samfélag eru metin bæði jákvæð og neikvæð.** Reikna má með að íbúum sveitarfélagsins haldi áfram að fjölga og áfram verði stunduð ýmis atvinnustarfsemi samhliða búrekstri. Stefna í gildandi skipulagi hefur haft hamlandi áhrif á uppbyggingu nýbýla þar sem landbúnaður er ekki aðal atvinnustarfsemin.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar er jákvæð.** Stærstu votlendissvæðin eru undir hverfisvernd og sett er stefna um að vernda helstu menningarminjar.

### Valinn kostur:

**Áhrif á loft eru metin jákvæð.** Frekari uppbygging í dreifbýli og föst búseta er líkleg til að stuðla að bindingu kolefnis vegna meiri trjáræktar til skjólmyndunar. Hugsanlegt er að akstur verði meiri ef íbúar sækja atvinnu af bæ. Hafa þarf í huga að almenn ljósleiðaratenging er í sveitarfélaginu og möguleikar

til fjarvinnu því miklir, eins og reynslan sýnir. Stærstu votlendissvæðin eru sett undir hverfisvernd og settir skilmálar fyrir verndun votlendis.

**Áhrif á land eru óveruleg** ef valin er staðsetning þar sem ekki eru þekktar jarðmyndanir sem njóta verndar.

**Áhrif á landslag eru óveruleg.** Uppbygging hefur alltaf áhrif á yfirbragð lands og ásýnd. Það telst þó eðlilegt að byggt sé upp í dreifbýli og er sett stefna um að halda skuli í dreifbýlisfirbragð, byggja upp í tengslum við núverandi bæjartorfur og mannvirki verði felld að landi umhverfis.

**Áhrif á gróður og dýralíf eru jákvæð/óveruleg.** Í sveitarfélaginu eru vistgerðir með hátt verndargildi og eru stærstu votlendissvæðin undir hverfisvernd í gildandi skipulagi. Afmörkun hverfisverndar hefur verið endurskoðuð m.t.t. nákvæmari grunngagna. Settir eru skilmálar um að landbúnaðarland L1 skuli nýtt til matvælaframleiðslu og forðast skuli að vera þar með aðra landnýtingu eða byggja þar upp.

**Áhrif á heilbrigði eru óveruleg/neikvæð.** Með meiri uppbyggingu í dreifbýli má búast við að umferð verði eitthvað meiri því íbúar aka til og frá vinnu. Ljósleiðaratenging veitir þó möguleika á fjarvinnu. Ef um einhvers konar ferðaþjónustu verður að ræða eykst umferð enn frekar, einkum kvölds og morgna.

**Áhrif á samfélag eru metin jákvæð.** Íbúum kemur líklega til með að fjölga og uppbygging styrkir atvinnulíf og eflir mögulega þjónustu við íbúa og gesti. Stefnan veitir möguleika á uppbyggingu í dreifbýli án þess að landbúnaður sé aðal atvinnustarfsemi. Það styrkir byggð að fjölga notendum þeirra samgöngu- og veitukerfa sem nú þegar eru fyrir hendi og halda þarf í rekstri í dreifðum byggðum. Bætt nýting núverandi kerfa styður einnig við umhverfissjónarmið og hagkvæma þróun byggðar. Þá má ætla að vindrafstöðvar séu hagkvæmur kostur fyrir raforkuframleiðslu fyrir minniháttar atvinnustarfsemi.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru jákvæð.** Stærstu votlendissvæðin eru undir hverfisvernd og sett er stefna um að vernda helstu menningarminjar.

## Niðurstaða

**TAFLA 15.** Niðurstaða af samanburði valkosta fyrir Landbúnaðarsvæði.

VALKOSTUR	LOFT	LAND	LANDSLAG	GRÓÐUR OG DÝR	HEILBRIGÐI	SAMFÉLAG	NÁTTÚRU OG MENNINGARMINJAR
Valinn kostur	+	0	0	+/0	0/-	+	+
Núll kostur	+	0	0	+/?	0	+/-	+

Sveitarfélagið vill stuðla að uppbyggingu í sveitarfélaginu og fjölgun íbúa. Þar sem ekkert þéttbýli er til staðar þá er eini möguleikinn að byggja upp í dreifbýlinu. Settir eru skilmálar fyrir slíkri uppbyggingu og er markmiðið með þeim að vernda besta landbúnaðarlandið til áframhaldandi matvælaframleiðslu, byggt sé upp í tengslum við núverandi bæjartorfur og að fjarlægð frá þjóðvegum sé innan skynsamlegra marka. Heimilt er að vera með minniháttar atvinnustarfsemi. Með þessu vonast sveitarfélagið til að íbúum fjölgi og atvinnulíf blómstri.

#### 4.4.2 Sprengisandsleið

Sveitarstjórn er hlynnt því að gerður verði betri vegur yfir Sprengisand. Vegurinn verði byggður lítillega upp úr landinu, yfirborð hans verði varanlegt og standist sem best álag og rof af völdum umferðar, vinds og vatns. Einnig að vegurinn sé þjónustaður þannig að hægt sé að halda honum opnum lengur, frá vori og fram á haust. Ár og lækir verði brúaðir. Með endurbótum á veginum má ætla að dragi úr utanvegaakstri.

Að mati sveitarstjórnar er eðlilegt að nýta þann hluta núverandi Sprengisandsvegar sem búið er að byggja upp og að hluta til leggja á klæðningu. Sá hluti vegarins nýtist fyrir stærri hóp ferðamanna, eða þá sem fara í Landmannalaugar, Veiðivötn og Jökulheima, auk Sprengisands.

Árið 2013 var unnin forathugun fyrir vegi, háspennulínur og virkjanir á Holtamannaafretti. Verkefnið var unnið fyrir Vegagerðina, Landsnet og Landsvirkjun. Skoðuð var möguleg framtíðarlega Sprengisandsvegar.

Markmið með skoðun á framtíðarlegu Sprengisandsleiðar:

- Finna hagkvæmustu staðsetningu fyrir veg með tilliti til veðurfars og rekstraröryggis, ásamt því að lágmarka áhrif vegarins á landslag og náttúrufer.
- Varðveita sögu- og náttúruminjar og önnur umhverfisleg gæði sem m.a. styrkir ferðaþjónustu.
- Vernda gróður og önnur viðkvæm svæði.
- Stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, stytta vegalengdir milli landshluta og lengja notkunartíma vegarins.
- Stuðla að því að vegur spilli ekki upplifun ferðamanna, m.a. með mikilli rykmyndun sem hefur sjónræn áhrif.

Í kjölfar þessarar athugunar skoðaði Vegagerðin nánar mögulegar veglínur og setti fram nokkrar mismunandi möguleika.

#### Grunnástand

Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir endurbótum á vegi yfir Sprengisand og að hann verði færður nokkuð vestar en núverandi leið, og liggi að hluta til um lítt raskað land. Búið er að leggja bundið slitlag á Sprengisandsleið að Vatnsfellsvirkjun og byggja veginn upp norður undir Versali. Frá Versölum er búið að byggja upp svokallaðan Kvíslaveituveg norður á Háumýrar. Frá Versölum er núverandi Sprengisandsleið niðurgrafin með grýttum köntum. Vegurinn losar illa/ekki af sér vatn og er alla jafna holóttur og með þvottabrettum. Vegurinn opnast seint á vorin og lokast í fyrstu snjóum á haustin. Umferð um veginn hefur aukist lítillega frá árinu 2010-2018 eða úr 29 bílum á dag í 35 bíla á dag<sup>34</sup>. Fjöldi gistinátta hefur hins vegar dregist verulega saman og má ætla að ferðamenn fari orðið í meira mæli yfir Sprengisand á einum degi frekar en að gista.

---

<sup>34</sup> (Vegagerðin 2019)

## Viðmið

- Landsskipulagsstefna 2015-2026.
  - Stofnvegir á hálendinu séu byggðir upp sem góðir sumarvegir með brúuðum ám og færir fólksbílum. Miðað er við að þeir geti verið opnir a.m.k. 4-6 mánuði á ári. Viðhald og uppbygging samgangna á hálendinu stuðli að góðu aðgengi og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta.
  - Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun. Við endurbyggingu stofnvega um miðhálendið verði þess gætt að laga þá að landi eftir því sem hægt er. Áhersla er á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.
  - Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.
  - Gætt verði að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar.
- DMP áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland.
  - Styrkja þarf grunnþjónustu og innviði. Þörf er á betri samgöngum til að ferðamenn dreifist betur.

## Valkostir

**Núll kostur:** Núverandi Sprengisandsleið frá sveitarfélagamörkum við Hrauneyjar að sveitarfélagamörkum við Nýjadalsá. Bundið slitlag er á veginum að Vatnsfellsvirkjun og búið er að byggja hann upp að Versölum, brúa ár og setja ræsi fyrir leysingavatn. Að öðru leyti er vegurinn niðurgrafinn með grýttum köntum. Vegurinn losar illa/ekki af sér vatn og er alla jafna holóttur og með þvottabrettum. Vegurinn opnast seint á vorin og lokast í fyrstu snjóum á haustin.

**Valinn kostur:** Sprengisandsleið fylgir núverandi vegi frá sveitarfélagamörkum við Hrauneyjar að Versölum og eftir það Kvíslaveituvegi norður fyrir Kvíslavatn. Sveigir þar til austurs og fylgir eftir það nokkurn veginn núverandi Sprengisandsleið. Fer yfir Fjórðungskvísl nokkuð vestar en vegurinn gerir í dag. Vegurinn sé byggður lítillaga upp úr landinu, yfirborð hans sé vandað og varanlegt og ár og lækir brúaðar. Bundið slitlag er komið á vegin að Vatnsfellsvirkjun og búið er að byggja hann lítillaga upp norður fyrir Kvíslavatn, brúa ár og setja ræsi fyrir leysingavatn.

## Samanburður

### Núll-kostur:

**Áhrif á andrúmsloft eru neikvæð.** Núverandi Sprengisandsvegur telst ekki vera fær fólksbílum. Því eru einungis stærrí bílar þar á ferð og fæstir þeirra eru knúnir áfram af vistvænum orkugjöfum.

**Áhrif á heilbrigði eru neikvæð.** Hluti núverandi vegar er niðurgrafinn, holóttur og með grýttum köntum. Stærsti hluti vegarins þarfnast viðhalds til að ástand hans teljist viðunandi. Áhrif af utanvegaakstri eru sýnileg.

**Áhrif á samfélag eru metin óveruleg.** Aðgengi að áhugaverðum stöðum og þjónustu verður óbreytt.

Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin óveruleg/engin.

#### Valinn kostur:

**Áhrif á andrúmsloft eru metin óveruleg.** Enn sem komið er eru fæstir jeppar sem henta til hálendisferða knúnir vistvænum orkugjöfum. Fólksbílum sem eru knúnir áfram á þennan hátt fer aftur á móti fjölgandi og með betri vegi og brúuðum ám og lækjum er þessum hópi fólks kleyft að leggja leið sína á hálendið, að teknu tilliti til drægni bílsins.

**Áhrif á land eru metin óveruleg.** Við hönnun vegarins ætti að vera hægt að komast hjá að raska jarðmyndunum eða leggja veg þar sem er jarðvegur.

**Áhrif á landslag eru metin neikvæð.** Vegir eru alltaf sýnilegir, hvort sem þeir eru uppbyggðir eða niðurgrafir. Hægt er að aðlaga veginn að landslagi og draga þannig úr áhrifum hans. Líklegt er að víðerni skerðist að einhverju leyti en veglínan liggur þó að stærstu leyti innan núverandi mannvirkjabeltis.

**Áhrif á gróður og dýralíf eru metin óveruleg/óviss.** Að stærstum hluta er búið að leggja veginn þó hann komi e.t.v. til með að breytast eitthvað við nánari útfærslu. Vegurinn liggur í jaðri Þjórsárvera sem eru mikilvæg vistsvæði fugla. Við hönnun vegarins ætti að einhverju leyti að vera hægt að taka tillit til vistgerða með hátt verndargildi.

**Áhrif á heilbrigði eru jákvæð.** Með betri vegi má reikna með að umferð verði meiri, m.a. umferð rafknúinna bíla. Umferðaröryggi batnar verulega með betri vegi. Vegurinn verður ekki lengur niðurgrafinn með grýttum köntum heldur hannaður skv. öryggiskröfum. Þá batnar aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum með betri vegi. Gera má ráð fyrir að með útfærslunni sé hægt að draga verulega úr utan vega akstri.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru engin** að því gefnu að tekið verði tillit til þeirra við hönnun vegarins. Aðgengi að áhugaverðum stöðum og þjónustusvæðum á hálendinu batnar og styrkir það ferðapjónustu. Styttir vegalengdir milli landshluta sem dregur úr kostnaði, fer betur með ökutæki og hefur þannig jákvæð áhrif á efnahag fólks. Upplifun fólks af svæðinu verður að öllum líkindum jákvæðari (mynd 9). Áhrif á samfélag eru metin jákvæð.

#### Niðurstaða og mótvægisáðgerðir

**TAFLA 16.** Niðurstaða af samanburði valkosta fyrir Sprengisandsleið.

VALKOSTUR	LOFT	LAND	LANDSLAG	GRÓÐUR OG DÝR	HEILBRIGÐI	SAMFÉLAG	NÁTTÚRU OG MENNINGARMINJAR
Valinn kostur	0	0	-	0/?	+	+	0
Núll kostur	-	0	0	0	-	0	0

Sveitarfélagið er hlynnt því að gerður verði betri vegur yfir Sprengisand. Betri vegur bætir aðgengi að afréttinum, eflir möguleika á uppbyggingu ferðapjónustu og lengir ferðamannatímamann. Gerir stærri hópi ferðamanna kleift að fara um svæðið og bætir umferðaröryggi þeirra sem aka veginn. Eðlilegt er að nýta þá fjárfestingu sem lögð hefur verið í núverandi veg, þ.e. að búið er að byggja hann upp að

hluta til og leggja klæðningu á hluta hans. Líklegt er að breytt veglína skerði víðerni norður undir Fjórðungskvísl, það er þó háð endanlegri útfærslu vegarins.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum vegarins skal hann fylgja landinu sem mest og leitast við að hafa vegfláa sem mest aflíðandi til að fá mýkri línur.

#### 4.4.3 Sprengisandslína

Um langt skeið hefur verið í skoðun að leggja háspennulínu yfir Sprengisand til að tengja virkjanir á Þjórsár-Tungnaársvæðinu við virkjanir á Norðausturlandi. Tilgangurinn er að styrkja flutningskerfi raforku. Sveitarfélagið er hlynnt því að flutningskerfi raforku verði styrkt með lagningu háspennulínu/rafstrengs yfir Sprengisand. Æskilegt er að hluti línunnar verði settur í jörð sé þess nokkur kostur og að línun verði innan núverandi mannvirkjabeltis á afréttinum.

Í Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 kemur fram að nauðsynlegt sé að fara út í styrkingu á byggðalínunni á næstu árum. Kerfisathuganir sýna að núverandi byggðalína þolir í mörgum tilvikum illa truflanir og ákveðnir hlutar hennar eru að verða takmarkandi fyrir orkuflutning og þar með fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Framtíðaráform gera ráð fyrir að til lengri tíma litið verði meginflutningskerfið á landinu rekið á 220 kV spennu. Í Kerfisáætluninni eru settar fram tvær leiðir og eru þær eftirfarandi:

- Byggðalínan verði byggð upp sem 220 kV lína (eða spennuhækkuð) frá Brennimel norður og austur um land að Sigöldu, þannig að flutningskerfið verði 220 kV hringinn í kringum landið. Nú er hafinn undirbúningur að lagningu Blöndulínu 3, 220 kV, frá Blöndustöð til Akureyrar, en frá Akureyri um Kröflu að Fljótsdalsstöð er unnið að breytingum á aðalskipulagi og öðrum frumundirbúningi.
- Byggð verði hálendislína (220 kV eða 400 kV) frá Þjórsár-Tungnaársvæðinu sem tengist inn á byggðalínuna á Norðurlandi.

Í þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, nr. 26/148, kemur fram í 3. gr. að treysta skuli flutningskerfið betur, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt. Í 4. gr. segir að skoða skuli að hve miklu leyti megi nýta jarðstrengi með hagkvæmum hætti við uppbygginguna. Ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið<sup>35</sup>.

Í ritinu *Notkun jarðstrengja í flutningskerfum raforku*<sup>36</sup> eru bornir saman kostir og gallar háspennulína og jarðstrengja. Samkvæmt þeim samanburði hafa háspennulínur mun meiri sjónræn áhrif en jarðstrengir, enda geta línurnar sést í allt að 5 km fjarlægð frá línustæði. Sýnileiki þeirra er háður því landslagi sem þær liggja um. Við lagningu jarðstrengs raskast um 6 sinnum meira svæði en við lagningu loftlínu. Mismunurinn felst í því að grafa þarf fyrir jarðstrengnum og leggja veg með honum endilöngum, en ef vegur er í innan við 300 m fjarlægð frá háspennulínu er nóg að vera með slóða frá veginum og að hverju mastri háspennulínunnar. Ef farið er um gróið land raskast meira gróðursvæði

<sup>35</sup> (Alþingi 2018).


<sup>36</sup> (Jón Bergmundsson, Kjartan Gíslason án ártals).

við lagningu jarðstrengs en loftlínu, auk þess sem auðveldara er að lágmarka áhrif á gróður við slóðagerð milli mastra.

Áhrif háspennulína á ferðamennsku og útivist eru fyrst og fremst vegna sjónrænna áhrifa þar sem þær breyta upplifun og útsýni þaðan sem þær sjást. Þannig dregur sýnileiki háspennulína úr aðráttarafli staða og tilfinningu fyrir óspilltri náttúru. Jarðstrengir hafa einnig sjónræn áhrif en rask vegna þeirra sést ekki í jafn mikilli fjarlægð og hefur því minni áhrif.


### Könnun á viðhorfi til háspennulínu yfir Sprengisand

Í könnun sem unnin var af Rannsóknir og ráðgjöf í ferðaþjónustunnar (RRF)<sup>37</sup> var athuguð afstaða til lagningar nýrrar háspennulínu yfir Sprengisand og hvort svarendur væru fylgjandi eða andvígir tiltekinni raflínugerð. Allir svarendahópar voru mjög eða fremur fylgjandi því að línan yrði lögð að hluta til í jörð.



**MYND 15.** Viðhorf til lagningar háspennulínu yfir Sprengisand.

Samkvæmt niðurstöðum úr könnun RRF getur háspennulína yfir Sprengisand haft áhrif á upplifun ferðamanna af svæðinu en allir svarendahópar töldu að háspennulína myndi hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna af svæðinu. Þó töldu rúm 40% Íslendinga á láglandi að háspennulína myndi ekki hafa nein áhrif á upplifun ferðamanna og 32% Íslendinga á Sprengisandi voru sama sinnis.



**MYND 16.** Líkleg áhrif háspennulínu á upplifun ferðamanna af svæðinu.

<sup>37</sup> (Rögnvaldur Guðmundsson 2015).

## Grunnástand

Ekki er háspennulína yfir Sprengisand í dag. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir háspennulínu yfir Sprengisand. Liggur hún frá sveitarfélagamörkum við Hrauneyjar, um Þóristungur, Klifshagavelli og austan við Kvíslaveitu. Jafnframt eru hugmyndir um að línan ætti mögulega að liggja um eyjar í Kvíslaveitu og er skipulagi frestað á því svæði vegna þessa. Syðri hluti línunnar er að hluta til gróið og lítt raskað land, miðhlutinn er innan mannvirkjabeltis afréttarins og norðurhlutinn er lítt gróið og lítt raskað land.

## Viðmið

- Landsskipulagsstefna 2015-2026.
  - Orkuvinnsla og dreifikerfi. Orkulindir á miðhálandinu verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega m.t.t. verndunar víðerna. Meiri háttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálandisins.
  - Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.
  - Gætt verði að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar.
- Heimsmarkmið, 7 Sjálfbær orka.
  - Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.

## Valkostir

### Núll kostur:

Í gildandi aðalskipulagi liggur Sprengisandslína frá Langöldu um Þóristungur, Klifshagavelli, austan Kvíslaveitu og í stefnu fyrir vestan Fjórðungsöldu. Einungis er gert ráð fyrir loftlínu.

### Valinn kostur:

Breytt lega háspennulínu. Háspennulína frá tengivirki við Langöldu um Búðarháls og með Köldukvísl og austan við Kvíslaveitu að Skrokköldu. Þaðan verði jarðstrengur norður fyrir Fjórðungskvísl/Fjórðungsöldu. Sá hluti línunnar sem er loftlína er innan mannvirkjabeltis á afréttinum.

## Samanburður

### Núll kostur:

**Áhrif á loft eru metin jákvæð.** Línan eflir dreifikerfi raforku og stuðlar að betra afhendingaröryggi raforku. Bætir þannig nýtingu sjálfbærrar orku.

**Áhrif á land eru metin óveruleg/óviss.** Við ákvörðun um legu línunnar ætti að vera hægt að taka tillit til jarðmyndana upp að vissu marki.

**Áhrif á landslag eru neikvæð.** Línuleiðin er að hluta til innan núverandi mannvirkjabeltis á afréttinum en á köflum fer hún yfir lítt raskað land. Þessi línuleið skerðir víðerni á Búðarhálsi meira en valinn kostur. Háspennulínur eru alltaf sýnilegar í tiltekinni fjarlægð og því meira eftir því sem nær þeim er komið.

**Áhrif á gróður metin óviss/neikvæð.** Línán kemur til með að liggja um gróið land á Þóristungum, Klifshagavöllum og víðar. Hugsanlega má laga staðsetningu línunnar að gróðurlendum og forðast rask á þeim.

**Áhrif á heilbrigði eru metin jákvæð.** Með lagningu línunnar batnar afhendingaröryggi raforku.

Lagning línunnar eflir atvinnulíf og bætir afhendingaröryggi raforku. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin neikvæð.** Lega línunnar ætti ekki að þurfa að hafa áhrif á minjar. Línuleiðin liggur að hluta til um svæði sem er undir hverfisvernd. Skilmálar þess eru að framkvæmdum skuli haldið í lágmarki.

#### Valinn kostur:

**Áhrif á loft eru metin jákvæð.** Línán eflir dreifikerfi raforku og stuðlar að betra afhendingaröryggi raforku. Bætir þannig nýtingu sjálfbærrar orku.

**Áhrif á land eru metin óveruleg/óviss.** Við ákvörðun um legu línunnar ætti að vera hægt að taka tillit til jarðmyndana upp að vissu marki. Það er erfiðara við að eiga með jarðstreng þar sem hann þarf að leggja beinni leið, vegna tæknilegra takmarkana á jarðstrengjum.

**Áhrif á landslag eru neikvæð.** Með því að leggja línu innan núverandi mannvirkjabeltis á afréttinum er verið að halda í víðerni og ósnortið land á öðrum svæðum, línán skerðir víðerni á Búðarhálsi. Með því að vera með jarðstreng um miðbik svæðisins þá skerðir hann ekki víðerni. Háspennulínur eru alltaf sýnilegar í tiltekinni fjarlægð og því meira eftir því sem nær þeim er komið.

**Áhrif á gróður eru metin óviss/neikvæð.** Línán kemur til með að liggja um gróið land, einkum á Búðarhálsi. Hugsanlega má laga staðsetningu línunnar að gróðurlendum og forðast rask á þeim.

**Áhrif á heilbrigði eru metin jákvæð.** Með lagningu línunnar batnar afhendingaröryggi raforku.

**Áhrif á samfélag eru metin jákvæð.** Lagning línunnar eflir atvinnulíf og bætir afhendingaröryggi raforku.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin óviss.** Lega línunnar ætti ekki að þurfa að hafa áhrif á minjar. Línuleiðin liggur að hluta til um svæði sem er undir hverfisvernd. Skilmálar þess eru að framkvæmdum skuli haldið í lágmarki.

## Niðurstaða og mótvægisáðgerðir

TAFLA 17. Niðurstaða af samanburði valkosta fyrir Sprengisandslínu.

VALKOSTUR	LOFT	LAND	LANDSLAG	GRÓÐUR OG DÝR	HEILBRIGÐI	SAMFÉLAG	NÁTTÚRU OG MENNINGARMINJAR
Valinn kostur	+	0/?	-	?/-	+	+	?
Núll kostur	+	0/?	-	?/-	+	+	-

Sveitarfélagið er hlynnt lagningu háspennulínu yfir Sprengisand og að sem stærsti hluti hennar verði settur í jörð. Helstu neikvæðu áhrif af háspennulínu/jarðstreng eru á landslag vegna sýnileika og skerðingar á víðernum, gróður og minjar. Verði af lagningu línunnar er mikilvægt að taka tillit til sýnileika, jarðmyndana, gróðurs og vistgerða, víðerna og náttúru- og menningarminja og að áhrif á þessa þætti verði lágmörkuð eftir því sem hægt er. Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að jarðstrengur og fram-tíðar staðsetning Sprengisandsleiðar geti farið sem best saman.

### 4.4.4 Orkuvinnsla – vindlundur á afrétti

Sveitarfélagið vill heimila byggingu vindrafstöðva á Holtamannaafretti og taka frá svæði fyrir vindlund. Horft var til svæða á sunnanverðum afréttinum, innan núverandi mannvirkjabeltis, einkum í nágrenni við núverandi virkjanir á Þjórsár-Tungnaásvæðinu og háspennulínur frá þeim. Um þetta svæði liggja einnig Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri, sem eru stofnvegir á hálendi. Við virkjanirnar eru góðir möguleikar á að koma raforkunni inn á núverandi flutningskerfi. Við val á svæði var haft í huga að svæðið nyti ekki sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, það væri gróður-snautt, tiltölulega flatt og gott aðgengi.

Vindlundi er valinn staður norðaustan við Hrauneyjalón, milli Sprengisandsleiðar, Fjallabaksleiðar nyrðri og Vatnsfellslínu. Nákvæm staðsetning vindrafstöðva innan svæðis og fjöldi þeirra verður valinn eftir því hvað best þykir m.t.t. orkunýtingar, ásýndar, öryggis vegfarenda og annarra umhverfisþátta. Í Vindatlas Veðurstofunnar sést að ríkjandi vindáttir eru frá SA og ASA. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir eða mælingar á svæðinu m.t.t. þess hversu hagkvæm orkuframleiðsla með vindrafstöðum er.

Vindlundi falla undir lög um verndar og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira. Ef/þegar kemur að framkvæmdum þarf að meta umhverfisáhrif vindlundarins skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

### Grunnástand

Svæðið er gróðurlítið, mestmegnis melar og sandur, afmarkast að hluta til af lágum gróðurlausum öldum. Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri liggja um það. Auk þess liggur Vatnsfellslína um svæðið og miðlunarlón er skammt frá. Svæðið verður því að teljast undir talsverðum áhrifum af mannvirkjum.

## Viðmið

- Landsskipulagsstefna 2015-2026.
  - Orkulindir á miðhálandinu verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega m.t.t. verndunar víðerna. Meiri háttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálandisins.
  - Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.
- Heimsmarkmið, 7 Sjálfbær orka.
  - Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.

## Valkostir

**Núll kostur:** Svæðið er gróðurlítið, mestmegnis melar og sandur, afmarkast að hluta til af lágum gróðurlausum öldum. Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri liggja um það. Auk þess liggur Vatnsfellslína um svæðið og miðlunarlón er skammt frá. Svæðið verður því að teljast undir talsverðum áhrifum af mannvirkjum.

**Valinn kostur:** Iðnaðarsvæði fyrir vindlund. Heimilt er að reisa vindrafstöðvar, lagnir og vegi. Heildarhæð getur verið allt að 150 m. Heimilt er að framleiða allt að 55 GWst/ári. Áfram er gert ráð fyrir háspennulínunum og vegum.

## Samanburður

### Núll kostur:

**Áhrif á umhverfispætti eru metin óveruleg/engin.** Svæðið verður áfram óbyggt og um það liggja Vatnsfellslína, Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri. Ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum utan eðlilegs viðhalds á núverandi mannvirkjum.

### Valinn kostur:

**Áhrif á loft eru jákvæð.** Raforkuframleiðsla með vindrafstöðvum er umhverfisvæn og framleiðir sjálfbæra orku.

**Áhrif á land eru engin.** Engar merkar jarðmyndanir eru innan svæðisins.

**Áhrif á landslag eru metin óveruleg/neikvæð.** Svæðið er lítt gróið og er innan núverandi mannvirkjabeltis. Vindlundurinn hefur ekki áhrif á víðerni eða ósnortið og náttúrulegt yfirbragð. Vindrafstöðvar af þessari stærð eru alltaf sýnilegar og það í nokkurri fjarlægð. Við staðsetningu einstakra vindrafstöðva þarf að taka tillit til sýnileika, eftir því sem hægt er.

**Engin áhrif á gróður** þar sem svæðið er lítt gróið.

**Áhrif á heilbrigði eru jákvæð.** Raforkuframleiðsla stuðlar að betra afhendingaröryggi raforku og ýtir undir möguleika á orkuskiptum í samgöngum. Alltaf er einhver hávaði frá vindrafstöðvum en staðurinn er fjarri allri byggð.

**Áhrif á samfélag eru jákvæð.** Staðsetning er talin heppileg þar sem svæðið er innan núverandi mannvirkjabeltis og í góðum tengslum við vegi og aðrar virkjanir. Starfsemin skapar einkum atvinnu á undirbúnings- og byggingartíma. Raforkuframleiðslan getur hjálpað til við orkuskipti í samgöngum og bætt afhendingaröryggi raforku.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru engin.** Engar þekktar minjar eru innan svæðisins og það nýtur ekki verndar.

### Niðurstaða og mótvægisáðgerðir

**TAFLA 18.** Niðurstaða af samanburði valkosta fyrir vindlund.

VALKOSTUR	LOFT	LAND	LANDSLAG	GRÓÐUR OG DÝR	HEILBRIGÐI	SAMFÉLAG	NÁTTÚRU OG MENNINGARMINJAR
Valinn kostur	+	0	0/-	0	+	+	0
Núll kostur	0	0	0	0	0	0	0

Sveitarfélagið er hlynnt raforkuframleiðslu með vindrafstöðvum og vill heimila slíka starfsemi. Heppi-legasta staðsetningin er innan núverandi mannvirkjabeltis, í nágrenni við stofnvegi á hálendi, virkjanir, miðlunarlón og háspennulínur. Út frá þessari staðsetningu þá er metið að sýnileiki mannvirka og áhrif á landslag verði minni. Með því að framleiða raforku með vindrafstöðvum þá verður minna svæði fyrir raski en ef um væri að ræða vatnsaflsvirkjun. Einnig eru vindrafstöðvar afturkræf framkvæmd.

Vindlundur hefur ekki verið metinn sem virkjanakostur í rammaáætlun og ekki hafa farið fram athuganir á hagkvæmni vindlunar á þessum stað, t.d. út frá vindi. Þá þarf vindlundur af þessari stærð að fara í umhverfismat. Því er á aðalskipulagsstigi ekki hægt að meta áhrif með mikilli vissu en slíkt verður þá gert á síðari stigum framkvæmdarinnar og settar fram mótvægisáðgerðir fyrir þá þætti sem þarf.

#### 4.4.5 Efnistökusvæði á afrétti

Undanfarið ár hefur efni til viðhalds Sprengisandsleiðar og annarra vega og slóða verið tekið hér og þar í nágrenni veganna. Sveitarfélagið vill að gerður verði greiðfær vegur yfir Sprengisand og skipulagt hvar er heimilt að taka efni til vegagerðar og hversu mikið. Námur í gildandi skipulagi voru flestar nýttar fyrir byggingu Búðarhálsvirkjunar, sem er lokið. Þær námur eru minnkaðar verulega að umfangi og efnismagni.

Vilji er til að vera með mörg efnistökusvæði og taka lítið efni á hverjum stað svo ekki sé um stórar námur að ræða og ekki þurfi að aka langa vegalengd með efni. Áhersla er lögð á góða umgengni efnistökusvæða á nýtingartíma og að við verklok verði svæði aðlagð aftur að landi umhverfis það. Mat á efnisþörf fyrir endurbætur á Sprengisandsleið fer fram í tengslum við hönnun vegarins og þá verður ákvarðað hvaða svæði verða nýtt til efnistöku.

Vegagerðin hefur skoðað möguleg efnistökusvæði á Sprengisandi m.t.t. uppbyggingar Sprengisandsvegur. Ný efnistökusvæði eru í samræmi við tillögur sem þar eru settar fram<sup>38</sup>. Efnistökusvæði hafa verið skoðuð lauslega á vettvangi en ekki verið tekin ákvörðun um hver þeirra verða nýtt eða hver heildar efnisþörfin er. Nýjar námur eru flestar í námunda við vegstæði til að reyna að lágmarka umhverfisáhrif.

## Grunnástand

Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir 11 námum á afréttinum, flestum á Búðarhálsi. Einungis tvær námur eru til vegagerðar, aðrar eru vegna framkvæmda við virkjanir/miðlunarlón. Í námunum er heimilt að vinna 900.000 m<sup>3</sup> af efni. Heildarstærð efnistökusvæða er um 115 ha.

## Viðmið

- Landsskipulagsstefna 2015-2026.
  - Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.
  - Áhersla er á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.
  - Viðhald og uppbygging samgangna á hálendinu stuðli að góðu aðgengi og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta. Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.
- DMP áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland.
  - Þörf er á betri samgöngum til að ferðamenn dreifist betur.

## Valkostir

**Núll kostur:** Námur skv. gildandi skipulagi. Ekki er gert ráð fyrir nýjum námum. Efni til vegagerðar verður áfram tekið þar sem best hentar hverju sinni.

**Valinn kostur:** Gert er ráð fyrir 50 námum víðsvegar á afréttinum og ná þær samtals yfir 53,7 ha. Heimilt er að vinna 559.000 m<sup>3</sup> af efni.

## Samanburður

Við samanburð valkosta er horft til þess að efnistökusvæði eru forsenda fyrir viðhaldi og endurbótum á vegum og virkjana- og miðlunarmannvirkjum.

### Núll kostur:

**Áhrif á loft eru neikvæð.** Fáar námur eru í gildandi skipulagi og ef gert er ráð fyrir að þær séu nýttar til viðhalds mannvirkjum og uppbyggingar á vegum þá þarf að aka tugi kílómetra með efni.

<sup>38</sup> (Jarðefnadeild Vegagerðarinnar 2015).

**Áhrif á land eru neikvæð** þar sem heimilt er að vinna nálægt tvöfalt meira efnismagn í gildandi skipulagi. Einnig er efni tekið þar sem heppilegt þykir hverju sinni.

**Áhrif á gróður eru óveruleg.** Efnistökusvæði eru yfirleitt sýnileg meðan á vinnslu stendur. Mikilvægt er að aðlaga efnistökusvæði að landinu umhverfis að vinnslu lokinni. Sé það gert eru áhrif á landslag metin óveruleg. Efnistökusvæði eru á lítt eða ógrónu landi.

**Áhrif á heilbrigði eru metin neikvæð.** Vegir eru niðurgrafnir, holóttir og grjót í köntum. Þetta veldur því að utanvegaakstur er líklegri því oft er land til hliðar við vegi sléttara en vegurinn sjálfur.

**Áhrif á samfélag eru jákvæð.** Með því að byggja upp vegi og gera þá greiðfærari dregur úr akstri utan vega. Einnig má gera ráð fyrir að ferðamenn dreifist víðar. Við það batna forsendur til að veita þjónustu á fleiri stöðum eða að sú þjónusta sem fyrir er eflist. Með því fjölgar hugsanlega atvinnutækifærum.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru neikvæð.** Efni er tekið hér og þar í nágrenni vega án tillits til þess hvort þar eru verndarsvæði, minjar eða annað sem ætti að forðast að raska.

#### Valinn kostur:

**Áhrif á loft eru jákvæð.** Með því að taka efni sem næst notkunarstað dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna aksturs.

**Áhrif á land eru óveruleg.** Hægt er að velja efnistökusvæði þar sem ekki eru jarðmyndanir sem njóta verndar. Á vinnslutíma efnis, og að honum loknum, er hægt að ganga þannig um svæðið að ekki verði rof á landi.

**Áhrif á landslag eru óveruleg.** Efnistökusvæði eru yfirleitt sýnileg meðan á vinnslu stendur. Mikilvægt er að velja efnistökusvæði sem skerða ekki víðerni og sem næst vegi þar sem land er raskað fyrir. Mikilvægt er að aðlaga efnistökusvæði að landinu umhverfis að vinnslu lokinni.

**Áhrif á heilbrigði eru metin jákvæð.** Mikilvægt er að velja efnistökusvæði á ógrónu landi eftir því sem kostur er og að þar séu ekki vistgerðir með hátt verndargildi. Sé það gert eru áhrif á gróður metin óveruleg. Efnistökusvæði eru forsenda þess að hægt sé að viðhalda vegum eða byggja þá upp. Umferðaröryggi batnar með greiðfærum og góðum vegum.

**Áhrif á samfélag eru jákvæð.** Með því að byggja upp vegi og gera þá greiðfærari dregur úr akstri utan vega. Einnig má gera ráð fyrir að ferðamenn dreifist víðar. Við það batna forsendur til að veita þjónustu á fleiri stöðum eða að sú þjónusta sem fyrir er eflist. Með því fjölgar hugsanlega atvinnutækifærum.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óverulegar.** Hluti efnistökusvæða er innan hverfisverndarsvæða. Skilmálar fyrir þau er að forðast skuli að raska vistgerðum með hátt verndargildi, vernda víðerni og að framkvæmdir leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

## Niðurstaða

TAFLA 19. Niðurstaða af samanburði valkosta fyrir efnistöku.

VALKOSTUR	LOFT	LAND	LANDSLAG	GRÓÐUR OG DÝR	HEILBRIGÐI	SAMFÉLAG	NÁTTÚRU OG MENNINGARMINJAR
Valinn kostur	+	0	0	0	+	+	0
Núll kostur	-	-	0	0	-	+	-

Efnistökusvæði eru forsenda þess að hægt sé að byggja upp og viðhalda samgöngumannvirkjum og leggur sveitarstjórn áherslu á að hægt sé að endurbæta hálendisvegi. Með því að gera ráð fyrir mörgum efnistökusvæðum á hálendinu er hægt að nýta þau svæði sem eru næst framkvæmdasvæði hverju sinni og lágmarka þannig þá vegalengd sem aka þarf með efni, en slíkt hefur einnig áhrif á loftgæði á hálendinu og truflun fyrir ferðamenn. Einnig er hægt að velja að nýta þau efnistökusvæði sem hafa minnst áhrif á umhverfið. Þá má ætla að minna efni verði tekið af hverju svæði. Við frágang efnistökusvæða er gert ráð fyrir að þau falli sem best að landinu umhverfis og ættu þá ummerki um efnistöku að verða lítt sýnileg. Neikvæð umhverfisáhrif eru helst þau að ásýnd svæðis breytist og einhver hætta er á jarðvegsfoki, einkum á framkvæmdatíma. Því leggur sveitarstjórn áherslu á að efnistaka á hálendinu verði að jafnaði úr litlum námum, sem næst vegsvæði og að gengið verði frá hverju efnistökusvæði fyrir sig strax að efnistöku lokinni.

### 4.4.6 Loftslagsmál og binding kolefnis

Á afréttinum eru Sultartangi og nágrenni Hrauneyjafossvirkjunar innan Hekluskóga. Lítið eða ekkert hefur verið unnið að gróðursetningu á trjám á þessum svæðum. Eitthvað er um kjarr hér og þar og nokkrar sjálfsáðar birkiplöntur eru í Básum. Undanfarin ár hefur verið unnið að uppgræðslu á afréttinum með það að markmiði að endurheimta gróður og landgæði og er árangur af þeim aðgerðum vel sýnilegur.

Um langt árabil hefur verið unnið að skógrækt í Ásabrekku og þar er nú opinn skógur með göngustíg og áningaraðstöðu. Í Sumarliðabæ er að vaxa upp skógur á ríflega 100 ha. Nokkrir landeigendur eru með minni skógarlundi og skjólbeltaræktun. Víða eru tré heima við hús. Helstu votlendissvæði eru undir hverfisvernd og hefur afmörkun svæðanna verið endurskoðuð m.t.t. nákvæmari grunnganga.

Stefnu tengda loftslagsmálum og bindingu kolefnis er víða að finna í gildandi skipulag og hnykkt er betur á henni í endurskoðuðu skipulagi. Sveitarfélagið vill efla skógrækt og landgræðslu og að hvort tveggja nýtist til að binda kolefni. Sveitarfélagið mun setja sér stefnu um hvernig það geti orðið kolefnishlutlaust. Viðræður hafa verið í gangi við Skógræktina um útfærslu þess og svæði sem heppileg eru til skógræktar. Þar sem sveitarfélagið á ekki land í byggð eru sett inn þrjú skógræktarsvæði á afréttinum. Öll svæðin eru beitarfriðuð og tvö þeirra eru innan Hekluskóga. Svæðin eru: Sultartangi, meðfram Tungnaá á Búðarhálsi og nágrenni Hrauneyjafossvirkjunar.

Í stefnu fyrir landbúnaðarland er gert ráð fyrir að á landbúnaðarlandi L1 (besta landinu) sé heimilt að vera með skjólbeltarækt. Á landbúnaðarlandi L2 og L3 er heimilt að vera með skógrækt og skjólbeltarækt. Þá eru íbúar hvattir til að viðhalda núverandi votlendissvæðum og stuðla að stækkun þeirra

og/eða endurheimt votlendis. Heimilt er að reisa eina 30 m háa vindrafstöð á hverri jörð og nýta sólarcellur til raforkuframléiðslu til eigin nota. Gert er ráð fyrir reiðhjólaleið með Suðurlandsvegi sem nýtist íbúum til að sækja vinnu.

### Grunnástand

Í gildandi skipulagi er stefna um að landgræðsla og skógrækt verði eflað til skjóls, landbóta og útivistar. Gert verði átak til gróðurverndar og uppgræðslu á afréttinum. Gripið verði til beitarstýringar samhliða uppgræðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróðurbótum með skógrækt og skjólbeltarækt eftir því sem við á. Vinna skal að því að létta beit af landsvæðum þar sem rof á landi er verulegt. Nokkur votlendissvæði eru undir hverfisvernd og er framræsla votlendis óheimil á þeim.

### Viðmið

- Heimsmarkmið.
  - 7, Sjálfbær orka. Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.
  - 13, Aðgerðir í loftlagsmálum. Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
  - 15, Líf á landi. Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.
- Landsskipulagsstefna 2015-2026.
  - Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að kolefnishlutleysi og viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.
  - Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.
  - Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.
- Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024.
  - Áhersla á að minnka kolefnisspor, efla lífsgæði og að mannlíf blómstri, auka nýsköpun og framleiðni með öflugum atvinnulífi.

### Stefna

Stuðlað verður að bindingu kolefnis með skógrækt og landgræðslu og settir skilmálar um á hvernig landi heimilt er að vera með skógrækt. Haldið verður áfram uppgræðslu á afréttinum. Helstu votlendissvæði eru undir hverfisvernd og eru landeigendur hvattir til að viðhalda votlendissvæðum og endurheimta votlendi. Gert er ráð fyrir reiðhjólaleið í nágrenni Suðurlandsveggar og að hún geti nýst íbúum til að sækja vinnu. Heimilt er að vera með sólarcellur eða 30 m háa vindrafstöð til framléiðslu á raforku til eigin nota.

## Áhrif

**Áhrif á loft eru jákvæð.** Sveitarfélagið er tengt við dreifikerfi raforku. Sett er inn heimild til þess að íbúar geti framleitt raforku til eigin nota annað hvort með sólarcellum eða minni vindrafstöðvum. Heimildir eru til skógræktar og landgræðslu og íbúar hvattir til að vernda og endurheimta votlendi.

**Áhrif á land eru jákvæð.** Á afréttinum er unnið að endurheimt landgæða og sett stefna um að svo verði áfram. Heimildir eru til skógræktar í byggð og á afréttinum.

**Áhrif á landslag eru metin jákvæð.** Skógrækt breytir ásýnd, yfirbragði og sérkennum byggðar. Þess vegna eru settir skilmálar um að huga skuli að því að vernda landslag og ásýnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði. Skógrækt getur hjálpað til við að endurheimta landgæði og vistkerfi. Skógræktarsvæði á afréttinum hafa ekki áhrif á víðerni og ekki er talið að innan þeirra séu landslagsheildir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar.

**Áhrif á gróður eru jákvæð.** Uppgræðsla lands á afréttinum stuðlar að endurheimt landgæða og líffræðilegri fjölbreytni því aðallega er um áburðargjöf að ræða sem ýtir undir að staðargróður nái sér á strik. Sett er fram stefna um að stuðla að skógrækt og skjólbeltarækt og varðveislu og endurheimt votlendis.

**Áhrif á heilbrigði eru jákvæð.** Gert er ráð fyrir reiðhjólaleið um sveitarfélagið og að hún nýtist íbúum til að sækja vinnu og til útivistar.

**Áhrif á samfélag eru metin jákvæð.** Settir eru skilmálar um að besta landbúnaðarlandið verði áfram nýtt til matvælaframleiðslu, skógrækt er heimilud á öðru landbúnaðarlandi og hvatt til endurheimtar votlendis. Með þessu er talið að stuðlað sé að varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óveruleg.** Við skipulag skógræktar er gert ráð fyrir að tekið verði tillit til náttúru- og menningarminja.

## Niðurstaða

Áhrif stefnunnar á loftslagsmál og bindingu kolefnis eru á heildina litið jákvæð. Víða í stefnunni er að finna aðgerðir til að binda kolefni og eins til að draga úr losun þess til lengri tíma litið. Í töflu 20 eru skoðuð viðmið, úr viðauka við landsskipulagsstefnu<sup>39</sup>, sem beita má í skipulagi til að vinna að loftslagsmálum. Greint er frá þeirri stefnu í aðalskipulaginu sem á við hvert viðmið og hver áhrifin eru.

**TAFLA 20.** Viðmið fyrir loftslagsmál og stefna í aðalskipulaginu.

VIÐMIÐ ÚR LANDSSKIPULAGSSTEFNU	ÁHRIF	STEFNA Í AÐALSKIPULAGINU
<b>Minni losun</b>		
Matvælaframleiðslu nærri mörkuðum	+	Stefna um að besta landbúnaðarlandið verði áfram nýtt til matvælaframleiðslu.
Endurvinnsla og endurnýting	+	Sorp er flokkað í 3 tonnur á hverju heimili, rúlluplasti er safnað og á gámasvæðum eru gámar fyrir grófari úrgang.

<sup>39</sup> (Skipulagsstofnun 2020).

VIÐMIÐ ÚR LANDSSKIPULAGSSTEFNU	ÁHRIF	STEFNA Í AÐALSKIPULAGINU
Vistvænar áherslur í mannvirkjagerð	+	Hvatt er til þess að íbúar kynni sér vistvænar leiðir við efnisval fyrir nýbyggingar eða viðhald eldri bygginga.
Orkuskipti í samgöngum	+	Stefna um að efla almenningssamgöngur og reiðhjólaleið með Suðurlandsvegi sem nýtist íbúum til að sækja vinnu.
Fjölbreyttur ferðamáti	+	Stefna er um að almenningssamgöngur verði eflar og að gerð verði reiðhjólaleið með Suðurlandsvegi og að hún nýtist íbúum til að sækja vinnu.
Dregið úr ferðaþörf	+	Ljósleiðari er á öllum bæjum í sveitarfélaginu. Það veitir möguleika á fjarvinnslu sem dregur úr ferðaþörf.
<b>Aðlögun</b>		
Sjálfbærar ofanvatnslausnir	+	Hvatt er til þess að ofanvatni af þökum og hörðu yfirborði sé miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis.
Viðeigandi varnarmannvirki	+	Í forsendum og stefnunni sjálfri er gert grein fyrir hvar þurfi að setja upp varnarmannvirki t.d. vegna flóðahættu í Ölfusá og vegna hækkunar á sjávarstöðu við ströndina.
Skilmálar um mannvirkjagerð á flóða-svæðum	+	Skilmálar eru settir um byggingar á mögulegum hættusvæðum.
<b>Binding</b>		
Sjálfbær gróðurframvinda	+	Stefna um að landnýting sé í sátt við náttúruna. Stefna um áframhaldandi uppgræðslu á afrétti, hóflega beit og landnýtingu í samræmi við landgæði.
Verndun og endurheimt votlendis	+	Helstu votlendissvæði eru undir hverfisvernd. Hvatt er til endurheimtar votlendis eða stækkunar á núverandi votlendi.
Skógrækt og landgræðsla	+	Stefna um skógrækt á landbúnaðarsvæðum og heimildir til skógræktar og landgræðslu.
Kolefni fangað með niðurdælingu eða endurvinnslu.	+	Stefna um flokkun og endurvinnslu sorps.

#### 4.4.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

##### Afréttur

Í landsskipulagsstefnu segir að uppbygging ferðamannaáðstöðu skuli stuðla að góðri aðstöðu ferðafólks.

Á afrétti var stefna um skálasvæði og staðsetning þeirra yfirfarin m.t.t. þess að dagleiðir gangandi fólks og hesta væru hæfilega langar. Felld eru út þrjú svæði þar sem ekki þykir þörf á þeim, þetta eru Hágöngur, Ölduver og Klifshagavellir. Einu svæði er bætt við, Lindarkoti, en þar er skáli til staðar. Á flestum skálasvæðum er heimiluð minniháttar uppbygging til að bæta aðstöðu ferðamanna og starfsmanna. Einnig er heimild til að fjölga gistirýmum og efla þjónustu. Betri aðstaða í skálum fyrir gesti og starfsfólk er ein af forsendum þess að hægt sé að byggja upp ferðaþjónustu á afréttinum. Síðastliðin ár hefur sveitarfélagið staðið fyrir kortlagningu, stikun og merkingu á gönguleiðum en vill einnig stuðla að því að ferðamenn geti gist á afréttinum fremur en að aka aftur til byggða og gista þar.

Skálasvæði eru til staðar í gildandi skiplagi. Stefnan er að stærstu leyti í samræmi við stefnu í gildandi skipulagi, þó hún sé útfærð nánar. Svæðin eru ekki talin skerða víðerni umfram það sem er í dag því gert er ráð fyrir lágstemmdri uppbyggingu og að mannvirki verði felld að landi og útlit þeirra samræmt.

Á heildina litið eru áhrifin metin jákvæð.



## 5 BREYTINGAR FRÁ ELDRA SKIPULAGI

Fjallað er um helstu breytingar sem gerðar eru frá stefnu Aðalskipulags Ásahrepps 2010-2022.

### 5.1 Breytingar í byggð

- Landbúnaðarland er flokkað og settir skilmálar til að vernda land sem best hentar til ræktunar.
- Íbúðarsvæði eru felld út og ekki er gert ráð fyrir slíkum svæðum.
- Heimilt er að byggja upp litlar lóðir/landspildur til fastrar búsetu og minniháttar atvinnustarfsemi, án tengsla við landbúnað.
- Heimilt er að reisa allt að 30 m háa vindrafstöð á hverri jörð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
- Heimilt er að vera með sólarsellur.
- Sett er stefna um skógrækt, m.a. til að sveitarfélagið geti orðið kolefnishlutlaust.
- Virkjanakostir í biðflokki eru skilgreindir sem varúðarsvæði.
- Mörkuð er stefna um reiðhjólaleiðir.
- Hverfisverndarsvæði voru afmörkuð nánar út frá betri grunngögnum.

### 5.2 Breytingar á Holtamannafrétti

- Sett eru inn skógræktarsvæði í Sultartanga, á Búðarhálsi og í Hrauneyjum, eru þau m.a. ætluð til bindingar kolefnis.
- Heimildir eru til frekari uppbyggingar fjallaselja og skálasvæða á afréttinum.
- Tekið er frá svæði fyrir vindlund norðan Hrauneyjalóns.
- Efnistökusvæðum á afrétti er fjölgað, einkum til uppbyggingar á vegum.
- Virkjanakostir í biðflokki eru skilgreindir sem varúðarsvæði.
- Virkjanakostir í verndarflokki eru skilgreindir sem önnur náttúruvernd.
- Gerð er breyting á framtíðarlegu Sprengisandsleiðar og fylgir hann núverandi vegi, Kvíslaveituvegi norður fyrir Kvíslavatn og eftir það á svipuðum stað og núverandi vegur.
- Stefna um legu Sprengisandslínu er endurskoðuð og gert ráð fyrir að hún verði að hluta til lögð í jörð.
- Felld eru út svæði þar sem skipulagi var frestað.
- Friðland Þjórsárvera hefur verið stækkað og er breytt afmörkun sýnd á uppdrætti.
- Hverfisverndarsvæði voru afmörkuð nánar út frá betri grunngögnum.



## 6 HEIMILDIR

Alþingi. 2018. „Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, nr. 26/148“. <https://www.althingi.is/altext/148/s/1244.html>.

Alþingi Íslands. 1998. *Lög um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998*. Ísland.

— — —. 2016. Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026. 19/145, issued 2016.

Byggðastofnun. 2014. „Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014“. 2014. <https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/vinnusoknarsvaedi-thettbylisstada-2014>.

Ferðamálastofa. 2016. „Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum, maí 2016“. Reykjavík.

Hagstofan. 2019. „Íbúafjöldi í Ásahreppi“. 2019. [hagstofa.is](http://hagstofa.is).

Helga J. Bjarnadóttir, Sigurður Thorlacius. 2020. „Mat á kolefnisspori á skipulagsstigi - Fyrsta skref í átt að kolefnishlutleysi.“ EFLA verkfræðistofa. <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Mat-a-kolefnisspori-a-skipulagsstigi.pdf>.

Hrafn Sævaldsson. 2020. „Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi með sérstaka áherslu á ferðaþjónustu“. Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga. <https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2020/08/201022.-Hagt%C3%B6lur-um-atvinnul%C3%ADf-%C3%A1-Su%C3%B0urlandi-me%C3%B0-s%C3%A9rstaka-%C3%A1herslu-%C3%A1-fer%C3%B0a%C3%BEj%C3%B3nustu.pdf>.

Ingibjörg Sveinsdóttir, Berglind Sigurðardóttir, Anna Bragadóttir, Haukur Á. Hilmarsson. 2021. „Ferðaþjónusta í Ásahreppi. Staða og tækifæri“. EFLA verkfræðistofa.

Jarðefnadeild Vegagerðarinnar. 2015. „Sprengisandur. Hugsanlegar námur“.

Jón Bergmundsson, Kjartan Gíslason. án ártals. „Notkun jarðstrengja í flutningskerfum raforku“. EFLA. <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/536/Vi%C3%B0auki%206%20-%20Jar%C3%B0strengir%20og%20loftl%C3%ADnur.pdf>.


Jón Loftsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Álfhildur Ólafsdóttir, Brynjólfur Jónsson, og K. Hulda Guðmundsdóttir, Valgerður Jónsdóttir og Pröstur Eysteinnsson. 2013. „Skógar á Íslandi, stefna á 21. öld“. Skógræktin. <https://www.skogur.is/static/files/ymislegt/Stefna-skogar.pdf>.

- Landsvirkjun.is. e.d. „Upplýsingar um virkjanir og veitur“. Sótt 6. mars 2017. <http://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/aflostodvar>.
- Markaðsstofa Suðurlands, Ferðamálastofa. e.d. „Áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018-2021“.
- Náttúrufræðistofnun Íslands. 2016. „Fjölrit Náttúrufræðistofnunar. Vistgerðir á Íslandi“. 54. [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf).
- . e.d. „Sérstök vernd náttúrufrýrbæra“. Sótt 9. mars 2020a. <https://serstokvernd.ni.is/>.
- . e.d. „Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi“. Sótt 3. janúar 2020b. <http://vistgerdakort.ni.is/>.
- Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, og Páll Halldórsson. 2000. „Jarðskjálftarnir miklu á Suðurlandi 17. og 21. júní, 2000“. Veðurstofa Íslands. <https://doi.org/VÍ-G00011-JA05>.
- Ríkislögreglustjóri, og Viðlagatrygging Íslands. 2014. „Greining á áhrifum flóða í kjölfar eldgosa í Bárðarbungu. Mikilvæg úrlausnarefni.“, tbl. 2. útgáfa 27.10.2014: 35.
- Rögvaldur Guðmundsson. 2015. „Sprengisandslína og Sprengisandsleið. Kannanir meðal ferðamanna og fagfólks í ferðaþjónustu“. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.
- Skipulagsstofnun. 2007. „Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana“. <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>.
- . 2020. „Tillaga að landsskipulagsstefnu. Loftslag, landslag, lýðheilsa. Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026“. Skipulagsstofnun. <https://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Tillaga-ad-vidauka-vid-landsskipulagsstefnu-2015-2026.pdf>.
- Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstjóri, Ágústa Edwald, Jóhann Gunnarson Robin, Lís Rut Björnsdóttir, Stefán Ólafsson. 2009a. „Aðalskráning í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 2006-2008. I. bindi“. FS417-06051. Fornleifastofnun Íslands.
- . 2009b. „Aðalskráning í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 2006-2008. II. bindi.“ FS417-06051. Fornleifastofnun Íslands.
- Sýslumenn. 2019. „Útgefin rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði“. Sýslumenn. 2019. <https://www.syslumenn.is/thjonusta/utgefin-leyfi/veitinga-og-gististadir/>.
- Umhverfissráðuneytið. 1999. „Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 796/1999“. 1999. <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/4482>.
- Veðurstofa Íslands. 2019. „Vindatlas“. Vindatlas. 2019. <http://vindatlas.vedur.is/>.
- Vegagerðin. 2019. „Vegaskrá“. 2019. <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>.
- Þjóðskrá Íslands. 2019. „Lögbýlaskrá 2018“. Þjóðskrá Íslands. <https://www.skra.is/library/Samnyttar-skrar-/Um-okkur/ymsar-skyrslur/l%C3%B6gb%C3%BDlaskr%C3%A1%20-%202018.pdf>.



## 7 VIÐAUKI - UPPDRÆTTIR

1. Flokkun landbúnaðarlands.
2. Virkjanir, miðlunarlón og háspennulínur.
3. Flokkun vega á Holtamannafrétti skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018.
4. Flokkun vega í byggð skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018.
5. Afréttur: Vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Vistgerðir með hátt verndargildi, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar, víðerni.
6. Byggð: Vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Vistgerðir með hátt verndargildi, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar.
7. Fornminjar skv. aðalskráningu fornminja.



SKÝRINGAR

**Flokkun landbúnaðarlands**

- Flokkur I - Úrvals ræktunarland
- Flokkur II - Gott ræktunarland
- Flokkur III - Blandað land
- Flokkur IV - Illræktanlegt til óræktanlegt land

Sveitarfélagamörk

Stofnvegur eða stofnbraut

Aðrir vegir



Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032  
 Skýringaruppráttur 1  
 Flokkun landbúnaðarlands


Verk: 7463-003

Unnið: IS

Blaðstærð: A3

Rýnt:

Mælikvarði: 1:55.000



**Skýringar:**

Sveitarfélagamörk

**Virkjanir og háspennulínur**

Virkjanir

Háspennulínur

**Fyrirhugaðar háspennulínur**

Fyrirhuguð Sprengisandslína

Fyrirhugaður jarðstrengur um Sprengisand

**Ár og vötn**

Miðlunarlón

Ár og vötn

**Virkjanakostir**

Virkjanakostir í biðflokki skv. Rammaáætlun 2

**Samgöngur**

Stofnvegur á hálendi

Aðrir vegir og slóðar



Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032  
Skýringaruppdráttur 2  
Virkjanir, miðlunarlón og háspennulínur

Verk: 7463-003


Unnið: IS


Blaðstærð: A3

Rýnt:

Mælikvarði: 1:270.000

0 5 10 15 20 km





**Skýringar:**

**Notkun vega**

- Vegur eða slóði opinn öllum til almennra notkunar
- Takmörkuð eða tímabundin notkun vegar
- Vegur eða slóði lokaður allri umferð

**Samgöngur**

- Stofnvegur á hálendi
- Aðrir vegir og slóðar

**Vernd**

- Friðlýst svæði

**Sveitarfélagamörk**

- Holtamannafréttur

Flokkun vega skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018

**F0:** Greiðfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáttíð.

**F1:** Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oftan en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Vegir þessir eru oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáttíð.

**F2:** Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftan en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáar óbrúaðar. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáttíð.

**F3:** Torfær vegur, einungis fær stórum og vel bún-um fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Vegur, oftan en ekki lægri en landið til beggja hliða, getur verið ójafn, grýttur og með bleytuíhlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáttíð.

Slóðar innan Friðlands Þjórsárvera eru flokkaðir í samræmi við friðlýsingarskilmála.

Slóðar innan Vatnajökulsþjóðgarðs eru flokkaðir í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun.



Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032  
Skýringaruppráttur 3  
Flokkun vega á Holtamannafrétti

Verk: 7463-003

Unnið: IS

Blaðstærð: A3

Rýnt:

Mælikvarði: 1:270.000

Dags: 14.05.2021

Dags breytt:



Flokkun vega skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands, nr. 260/2018.

F0: Greiðfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáttíð.

F1: Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oftan en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Vegir þessir eru oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáttíð.

F2: Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftan en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáar óbrúaðar. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáttíð.

F3: Torfær vegur, einungis fær stórum og vel bún-um fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Vegur, oftan en ekki lægri en landið til beggja hliða, getur verið ójafn, grýttur og með bleytuíhlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáttíð.

**Skýringar:**

Sveitarfélagamörk

**Notkun vega**

Takmörkuð eða tímabundin notkun vegar

**Samgöngur**

Stofnvegur

Aðrir vegir og slóðar

**Ár og vötn**

Ár og vötn



Aðalskipulag Asahrepps 2020-2032  
Skýringaruppdráttur 4  
Flokkun vega í byggð

Verk: 7463-003

Unnið: IS


Blaðstærð: A3

Rýnt:

Mælikvarði: 1:55.000

Dags: 14.05.2021

Dags breytt:




**Skýringar:**

-  Sveitarfélagamörk
- Vistgerðir með mjög hátt verndargildi, yfir 2 ha**
  -  Votlendisvistgerðir
  -  Aðrar vistgerðir
- Jarðminjar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd**
  -  Jarðhiti
  -  Jarðhitasvæði
  -  Fossar
  -  Gígar frá nútíma
  -  Gígar frá nútíma
  -  Vötn, stærri en 2 ha
  -  Nútímahraun
- Virkjanir og háspennulínur**
  -  Virkjanir
  -  Háspennulínur
- Samgöngur**
  -  Stofnvegur á hálendi
  -  Aðrir vegir og slóðar
- Víðerni skv. 61. gr. laga um náttúruvernd**
  -  Víðerni
- Ár og vötn**
  -  Miðlunarlón
  -  Ár og vötn



Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032  
 Skýringaruppdráttur 5  
 Afréttur: Vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd

Verk: 7463-003                      Unnið: IS  
 Blaðstærð: A3                      Rýnt:  
 Mælikvarði: 1:270.000



0 1 2 3 4 km

**Skýringar:**

**Aðrar vistgerðir með mjög hátt verndargildi, yfir 2 ha**

Víðikjarrvist

**Votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi, yfir 2 ha**

Gulstararflóavist

Runnamýravist á láglendi

Starungsflóavist

Starungsmýravist

**Ár og vötn**

Ár og vötn

Vötn stærri en 2 ha

**Jarðmyndanir**

Jarðhiti

Fossar

**Samgöngur**

Stofnvegur

Aðrir vegir og slóðar

Sveitarfélagamörk



Aðalskipulag Asahrepps 2020-2032  
Skýringaruppráttur 6  
Byggð - Vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd


Verk: 7463-003

Unnið: IS







Blaðstærð: A3

Rýnt:

Mælikvarði: 1:55.000



**Skýringar:**

-  Sveitarfélagamörk
-  Landamerki frá Þjóðskrá
- Fornminjar skv. aðalskráningu**
-  Friðlýstar minjar
-  Aðrar minjar
- Samgöngur**
-  Stofnvegur
-  Aðrir vegir og slóðar



Aðalskipulag Asahrepps 2020-2032  
Skýringaruppdráttur 7  
Fornminjar skv. aðalskráningu

Verk: 7463-003

Unnið: IS

Blaðstærð: A3

Rýnt:

Mælikvarði: 1:55.000